



Úrgangsstjórnun Langanesbyggðar - Samantekt umhverfisfulltrúa 2026

Inngangur

Í janúar 2023 tóku ný reglugerð við eldri um meðhöndlun úrgangs, 803/2023 (viðauki 1) sem afmarkaði hlutverk sveitarfélaga mjög greinilega og setti nýjar og þungar kröfur á sveitarfélögin, eins og með skyldu á fjölda flokka við samsöfnun, staðsetningu á sorpílátum við heimili og svo mætti lengi telja. Þessar breytingar voru gerðar til auka á flokkun og ná fram betri umhverfisáhrifum úrgangspjónustu. Sveitarfélög voru mis vel undirbúin og á mjög misjöfnum stað í úrgangsmálum og var Langanesbyggð á sama stað og nokkur önnur sveitarfélög, með tveggja tunnunar kerfi þar sem endurvinnsluefnum var safnað saman í aðra tunnuna og annað óflokkað í hina tunnuna. Endurvinnsluefni voru svo aðgreind á móttöku þjónustuaðila. Sú staða er enn uppi.

Rekstur grenndastöðvar og gámavalla í sveitarfélaginu ásamt söfnun, meðferð og förgun er mjög kostnaðarsöm sé tekið mið af rekstartölum annara nærliggjandi sveitarfélaga. Aðstæður í sveitarfélaginu hafa takmarkað úrræði við meðhöndlun á staðnum, þar sem ekkert húsnæði var undir starfseminum og því erfitt að bregðast við kostnaði í rekstri. Ný móttökustöð gjörbreytir þessum aðstæðum.

Tækifæri til þess að ná umtalsverðum árangri í umhverfismálum er nú að skapast í sveitarfélaginu og ákvarðanir er varða aðferðafræði við úrgangsstjórnun senn teknar á grundvelli forsenda þeirra laga og reglna sem um hana gilda með hliðsjón af þeirri vinnu sem hefur verið unnin seinustu ár í málaflokki umhverfismála í Langanesbyggð.

Svæðisáætlun

Í Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á Norðurlandi 2023-2036 (viðauki 2) er farið vandlega yfir stöðu mála 2023 og til framtíðar lítið. Þar má sjá að sveitarfélögin voru flest hver ekki að uppfylla þessar nýju kröfur og áætlun um breytingar þar á gerð. Flest sveitarfélaga hafa valið 4 tunnur við hvert heimili en hirðutiðni og aðrir þættir mismunandi eftir aðstæðum og fólksfjölda, íbúðagerða og annara þátta. Margar aðrar forsendur um úrgangspjónustu má finna í svæðisáætluninni sem ekki hafa náð fram að ganga, eins og samræming gjaldskráa, samþætting BPHE (borgað þegar hent er) og annara atriða er snúa að samræmingu og samþættingu verkefna við úrgangspjónustu sveitarfélagana á starfssvæði SSNE og SSVN eins og sameiginlega efnis dreifingu og skipulag nytjamarkaða.



Ljóst er að ekki náist öll tímasett markmið svæðisáætlunarinnar en breytingar á tímaramma hafa þegar verið gerðar og með fjölgun starfsfólks í umhverfismálum SSNE má búast við frekari framförum verkefna sem enn eru óleyst.

Gera þarf breytingar á reglum Langanesbyggðar á meðhöndlun úrgangs (viðauki 3) og aðlaga að lögum og reglum sem nú hafa tekið gildi til samræmingar við gildandi lög, reglugerðir og svæðisáætlunina.

Umhverfisfulltrúi

Sveitarstjórn Langanesbyggðar réði starfsmann á skrifstofu til að annars umhverfismál í sveitarfélaginu, með áherslu á að finna hagkvæmari og umhverfisvænar lausnir í úrgangsmálum sveitarfélagsins. Einnig var tekin ákvörðun um byggingu móttökustöðvar eins og kveðið er á um í svæðisáætluninni. Ljóst var að stór átak í málaflökknum var hafið greinilegur metnaður til þess að hafa umhverfismál í sveitarfélaginu til fyrirmyndar. En þar sem mikill umsnúningur var í úrgangsmálum á landsvísu og mörg sveitarfélög að fara margs konar leiðir við lausnir á sínum málum, var lögð sérstök áhersla á að taka ákvarðanir að mjög vel athuguðu máli og reyna að forðast vandamál sem aðrir höfðu lent í. Með þetta í farteskinu hóf undirritaður störf í mars 2024.

Samantektir á stöðu mála og starfsemi umhverfisfulltrúa að loknu fyrsta ári voru sendar sveitastjórn og Skipulags- og umhverfisnefnd þar sem undirritaður ræddi við nefndina á víðum grundvelli þeirrar skýrslu (viðauki 4) á fundi þann 8. apríl 2025. Þar svaraði undirritaður spurningum fundarmanna og rætt voru

Á fundi Hverfisráðs Bakkafjarðar 8. október 2025 komu fram áhyggjur íbúa á Bakkafirði um urðunarstaðinn og þá þjónustu sem íbúar Bakkafjarðar ættu eftir að fá við nýtt fyrirkomulag úrgangspjónustu. Rýnt var í staðsetningar á grenndarstöð á Bakkafirði og skipulag við hana. Forsendur voru að hafa stór ílát fyrir endurvinnsluefni og nokkrar útfærslur kynntar, með þeim fyrirvara að hægt væri að aðlaga og breyta eftir hentugleika. Bað undirritaður fundarmenn að leggja fram tillögur og hafa á því skoðanir eftir fundinn, þar sem íbúar ættu að geta sagt best til um heppilegustu staðsetninguna að gefnum forsendum. Ekki hafa borist tillögur frá nefndinni með formlegum hætti en svæði norðan við urðunarstaðinn tiltekið í samtölum og viðræðum við nokkra aðila.

Rekstargreining og einföld rekstraráætlun (viðauki 4) á úrgangspjónustu Langanesbyggðar var lögð fyrir byggðarráð þann 12. febrúar 2026 og ræddi undirritaður þar við fulltrúa byggðarráðs um val á aðferðum við úrgangspjónustu. Drög að nýrri gjaldskrá sorphirðu og eyðingu (viðauki 5) voru sendar sveitarstjóra og oddvita sveitastjórnar til yfirlstrar þann 2.



febrúar, og einnig eru tilbúin drög að gjaldskrá fyrir móttökustöð (viðauki 6). Verið er að vinna að nýrri samþykkt til sveitastjórnar að reglum um meðhöndlun úrgangs í Langanesbyggð og er sú vinna langt komin.

Samstarf við stjórnvöld og starfsfólk annara sveitarfélaga á sviði umhverfismála hafa verið mjög gagnlegt og er þátttaka í starfs- og bakhópum umhverfis-, úrgangs, og loftslagsmála hefur auðveldað tengslamyndun á sviði málefna, sem hafa nýst mjög mikið við vinnu umhverfisfulltrúa Langanesbyggðar. Samstarf starfsfólks á sviði umhverfismála hefur leitt af sér að upplýsingum í umhverfismálum er nú deilt mun víðar og er verið að fylgjast grannt með framvindu mála þar sem verið er að vinna að ný útfærum úrgangsverkefnum á sviði lífræns úrgangs og orkunýtingar úr urðanlegum úrgangi.

Rekstrarforsendur

Rekstargreining og einföld rekstraráætlun (viðauki 4) á úrgangspjónustu Langanesbyggðar var lögð fyrir byggðarráð þann 12. febrúar 2026 og ræddi undirritaður þar við fulltrúa byggðarráðs um val á aðferðum við úrgangspjónustu. Við ákvörðun um aðferðarfræði er erfitt að fullyrða um hagkvæmni þess að sveitarfélagið velji aðra þjónustuaðila fremur en að annast þjónustuna með eigin rekstri að felstu eða öllu leyti. Þó er auðvelt að fullyrða að kostnaður við úrgangspjónustu í Langanesbyggð hefur vaxið umfram þróun íbúafjölda. Ekki er hægt að fullyrða um ástæður þess, þar sem ákvæði laga, efnahagslega aðstæður og aðrir veigamiklir þættir hafa tekið stökkbreytingum síðan sveitarfélagið útvistaði samsöfnun og meðhöndlun úrgangs í sveitarfélaginu til verktaka með útboði.

Sorpsamlög eru nokkur á landinu en ekki öll með sama rekstar sniði. Sorpsamlag Suðurlands útvistar verkefnum samsöfnunar og rekstur móttöku- og grenndastöðvar til verktaka að loknu úrboði, í takti við þá aðferð sem einstaka sveitarfélög hafa víðast gert seinustu ár. Sorpstöð Rangárvallasýslu bs. sér um samsöfnun og rekstur móttöku- og grenndastöðvar en þjónustar aðeins íbúa með söfnun, og hafa aðrir lögaðilar þurft þjónustu annara við að losa sig við úrgang, sem tekið er á móti við Sorpstöðina Strönd. Sorpsamlag Strandamanna sér um alla úrgangspjónustu í Strandasýslu og þjónustar bæði íbúa og aðra lögaðila. Telur undirritaður að slíkt fyrirkomulag, að sveitarfélagið annist þjónustu við íbúa og bjóði lögaðilum þjónustu við alla úrgangs meðhöndlun, sé það sem Langanesbyggð ætti að horfa til við ákvörðun um framtíð úrgangspjónustu. Sorpsamlag Strandamanna er vissulega samlag sveitarfélagana allra í umræddri sýslu en fyrirkomulagið, umhverfið og aðstæður með mörgu líkt og í Langanesbyggð; Þéttbýliskjarnar og dreifbýli ásamt nokkuð fjölbreyttri atvinnustarfsemi, þó svo að atvinnurekstur Ísfélagsins sé áberandi munur á atvinnudreifingu milli sveitarfélagana. Álíka áskoranir eins og fólksfjöldi og vegalengdir eru

sambærilegar að nokkru leyti og hafa Strandamenn haft þetta fyrirkomulag síðan 1998 samkvæmt heimildum umhverfisfulltrúa.



Samlegðaráhrifum innan annara stofnanna sveitarfélagsins eins og Þjónustumiðstöðvar við rekstur úrgangspjónustu er verulega mikill og möguleikar til hagræðingar verulegir. Sameiginlegar áskoranir þessara deilda væri starfsmannahald, verkefnastjórnun á sviði umhverfismála og mönnun á afmörkuð og tímabundin verkefni beggja deilda. Slíkt væri erfiðara með verktaka í föstum samningi á afmörkuðum þætti úrgangspjónustunnar, t.d. um samsöfnun og flutning þar sem eðlilegt er að í samningum sé mjög afmarkað og takmarkað verksvið og breytingar erfiðari og jafnvel kostnaðarsamari

Rekstrarskilyrði eru gjörbreytt frá fyrri tíð með tilkomu nýrrar aðstöðu. Einnig eru sum verkefni á sviði úrgangsstjórnunar þannig vaxin að til samstarfs við úrræði eins og Virk koma vel til greina. T.d. á sviði textíluúrgangs, málma og timburs til úrgangsforvarna og nýtingar. Með slíku samstarfi væri hægt að virkja fólk til starfa á þeim forsendum auk þess að draga með þeim hætti úr úrgangsmyndun með endurnýtingu og bættri flokkun.

Með fjárfestingum í búnaði til samsöfnunar á heimils sorpi og öðrum búnaði til rekstur mun að endingu verða til hagræðingar þar sem notkun

Móttökustöð við Háholt 4

Við byggingu móttökustöðvar hafa áskoranir verið margar og mikill tími farið í að ljúka því verki, sem þó sér nú loks fyrir endann á. Mistök verktaka við uppsetningu tafði verkið fram úr hófi sem og aðstæður sem upp koma í kjölfarið. Við skipulag húsnæðisins var tekið til greina að hafa hana sem grenndarstöð í lagalegum skilningi þar sem lúgur á húsnæðinu ættu að vera aðgengilegar á lokunartíma, fyrir úrgangshafa að losa sig við valda efnisflokka úrgangs. Við greiningu á slíkri lausn og við aðlögun að þeim reglum sem settar voru (BÞHE) ákvað undirritaður að lokið yrði byggingu móttökustöðvar og innleiða lúgur að því loknu, ásamt eftirlits- og aðgangskerfi. Þá er hægt að taka húsið í notkun strax og lokið er við starfsmannaaðstöðu og bæta aðgengi á lóðinni, án þess að ljúka við frágang lóðar og draga því ekki á langinn yfirumsjón aðila sem koma að byggingu nýs húsnæðis. Með þessu má hefja böggun og annan undirbúning fyrir flutning, frekari flokkur rekstarúrgangs og annan almennan rekstur móttökustöðvar, samhliða útfærslu og uppsetningu grenndastöðvar (lúgur á suðurhlið).

Sú aðstaða sem uppi verður við opnun móttökustöðar gjörbreytir möguleikum til úrvinnslu og meðhöndlunar á öllum úrgangi sem myndast í sveitarfélaginu og því tækifæri til betri rekstar. Geymslugámar á svæðinu til að geyma endurvinnsluefni og annan úrgang sem



flytja þarf úr sveitarfélaginu til lokameðhöndlunar og endurvinnslu eiga að vera til þess að ná fram hagræðingu í flutningi og auka möguleika til að gera frekari verðmæti úr þeim úrgangi sem berst á móttökustöðina, með böggun og frekari flokkun efna til að hámarka verðmæti þeirra.

Efnahagslegur ábati af rekstri móttökustöðvar er skilyrtur með þeim hætti að starfsemi þar hafi samfellu og starfsmenn þar nái að samþætta allan vinnutíma við verkefnin.

Meðhöndlun á úrgangi er mjög misjöfn eftir tegundum úrgangs og víða hægt að koma í veg fyrir urðanlegan úrgang. Þar má nefna að flokka allan heimilis- og rekstarúrgang á móttökustöð sem þangað berst, utan við sérstaka söfnun við heimili, og gera ráð fyrir slíku í gjaldskrá og rekstraráætlunum. Draga mun úr úrgangsmyndun með aðgengi íbúa að þeim efnum sem berast móttökustöðinni, t.d. með aðgengi að hreinu timbri, málmum og öðrum nytjahlutum eftir flokkun. Að koma í veg fyrir urðanlegan úrgang er nauðsynlegt til þess að ná fram áformum stjórnvalda, sveitarfélagsins og svæðisáætlunarinnar um urðun úrgangs.

Lífúrgangur hefur verið veruleg áskorun fyrir sveitarfélög og hafa margar og ólíkar aðferðir verið reyndar. Akstur með lífrænan úrgang frá heimilum er bæði óumhverfisvænn og óhagkvæmur þar sem engin flutningsjöfnun er til staðar. Sumstaðar hefur jarðgerð utandyrar verið reynd en þar eru verulegar áskoranir sem snúa að árangri í jarðgerð, fremur en kostnaði. Nokkur sveitarfélög hafa fjárfest í jarðgerðarvélum og hefur rekstur þeirra gefið góða raun, þó stutt sé síðan slíkt kom til. Slík vél og rekstur hennar er ein af tillögum umhverfisfulltrúa við úrgangsstjórnun í Langanesbyggð. Þingeyjarsveit hefur hins vegar fjárfest í smærri heimilistækjum til sölu til íbúa og ætla að leysa málið með þeim hætti og verður mjög áhugavert að fylgjast með þróun mála þar.

Lokaorð

Fjárfestingar eru nokkuð verulegar ef tillögur umhverfisfulltrúa verða að fyrirkomulagi úrgangsstjórnunar í Langanesbyggð. Þær eru þó til þess að ná sjálfbærni og skapa nýjar forsendur í rekstri umhverfismála í Langanesbyggð. Kaup á bifreiðum, gámum og skúffum eru þar helstar að nefna. Með stjórn á öllum sviðum úrgangsstjórnunar má bregðast hraðar við breyttum aðstæðum, innleiða nýjar aðferðir eða breyta skipulagi úrgangsmála mun hraðar og skilvirkara en þegar boðin eru út einstaka verk. Þjónusta sveitarfélaga og hins opinbera eins og vatns- og fráveitur, rekstur hafna, heilbrigðisþjónusta, skólar og úrgangsmál eru nauðsynleg hverju samfélagi hér á landi til þess að tryggja lífsgæði íbúa.

REGLUGERÐ um meðhöndlun úrgangs.



I. KAFLI

Markmið, gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.

Markmið.

Markmið reglugerðar þessarar er að skapa skilyrði fyrir myndun hringrásarhagkerfis og að tryggja að úrgangsstjórnun og meðhöndlun úrgangs fari þannig fram að:

- ekki skapist hættu fyrir heilbrigði manna og dýra og umhverfið verði ekki fyrir skaða,
- ekki skapist óþægindi vegna hávaða eða ólyktar,
- ekki komi fram skaðleg áhrif á landslag eða staði sem hafa sérstakt gildi,
- úrgangsstjórnun sé markviss og hagkvæm og úrgangur sem til fellur fái viðeigandi meðhöndlun,
- stuðlað sé að sjálfbærri auðlindanotkun með aðgerðum og fræðslu til að draga úr myndun úrgangs,
- nýting hráefna úr úrgangi sem fellur til sé augin, og
- handhafar úrgangs greiði kostnað við meðhöndlun úrgangs.

2. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um meðhöndlun úrgangs, í samræmi við ákvæði 2. gr. laga um meðhöndlun úrgangs.

Um tiltekna meðhöndlun úrgangs fer jafnframt, eftir því sem við á, samkvæmt reglugerð um urðun úrgangs, reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, reglugerð um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis og lögum um geislavarnir nr. 44/2002. Um meðhöndlun úrgangs á sjó gilda lög um varnir gegn mengun hafs og stranda.

3. gr.

Skilgreiningar.

Atvinnurekstur: hvers konar starfsemi og framkvæmdir.

Böggun: þjöppun úrgangs í bagga til að minnka rúmmál hans.

Eftirlitsaðilar: viðkomandi heilbrigðisnefnd, Umhverfisstofnun eða faggiltir skoðunaraðilar sem starfa samkvæmt reglugerð þessari með takmarkaðar heimildir í samræmi við 58. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Grenndarstöð/grenndargámur: ómannaður staður í nærumhverfi íbúa þar sem eru ílát undir flokkaðan úrgang til endurnýtingar, svo sem pappa, pappír, plast, gler, málma, textíl og skilagjaldsskyldar umbúðir.

Heilbrigðisþjónusta og stofur sem stunda húðrof: stofnanir og starfsaðstaða sem læknar, tannlæknar, dýralæknar eða aðrir sem hafa sambærileg réttindi til að koma í veg fyrir og greina sjúkdóma í mönnum eða dýrum, gera að sárur og/eða hafa eftirlit með sjúkdómum. Hér er einnig átt við lækni- og líffræðilegar rannsóknastofur, hjúkrunar- og dvalarheimili og aðra umönnunarstaði fyrir fólk, fóttaaðgerðarstofur og stofur sem stunda húðrof eins og nálarstungur, húðgatanir og húðflúr.

Heimajarðgerð: jarðgerð úr lífúrgangi sem er aðskilinn og endurunninn á upprunastað, framkvæmd af þeim sem framleiða hann. Undanskilin er jarðgerð úr lífúrgangi sem á sér ekki stað við heimili fólks, s.s. í atvinnustarfsemi.



Matarúrgangur: öll matvæli, sem heyra undir lög um matvæli, sem eru orðin að úrgangi.

Mengunarvarnaeftirlit: eftirlit með þeim þáttum sem eiga að fyrirbyggja eða draga úr mengun lofta, láða eða lagar, eftirlit með eiturefnum og hættulegum efnum og fræðsla um þessi mál. Vöktun umhverfisins telst til mengunarvarnaeftirlits.

Nærumhverfi: nánasta umhverfi einhvers, t.d. hverfið sem hann býr í.

Pökkun: þegar úrgangur er settur í umbúðir til að gera hann flutningshæfan og/eða til að geyma í lengri eða skemmri tíma.

Rekstraraðili: einstaklingur eða lögaðili sem ber ábyrgð á viðkomandi atvinnurekstri.

Ruslabiður: ílát sem komið er fyrir á almannafæri í því skyni að auðvelda fólki að losa sig við úrgang.

Sérstakur úrgangur frá heilbrigðisþjónustu og stofum sem stunda húðrof: Úrgangur sem hefur í för með sér meiri sýkingarhættu og skaðlegri áhrif á fólk og umhverfi en annar úrgangur. Til þessa flokks heyrir smitandi úrgangur (sóttmengaður úrgangur), líkamshlutar og vefir, hvassir hlutir, lyfjaúrgangur, geislavirk efni og spilliefni.

Smitandi úrgangur (sóttmengaður úrgangur): úrgangur frá heilbrigðisþjónustu og stofum sem stunda húðrof sem inniheldur lífvænlegar örverur eða eitursvæðingur þeirra sem vitað er eða má ætla að geti valdið sjúkdómum í mönnum eða öðrum lífverum.

Sorpgeymsla: aðstaða í eða við fasteign, fyrirtæki eða stofnun þar sem úrgangi er safnað áður en hann er fluttur til söfnunarstöðva eða móttökustöðva.

Sorpílát: ílát til að safna heimilisúrgangi, s.s. tunnur og gámar af ýmsum stærðum.

Umhverfi: samheiti fyrir menn, dýr, plöntur og annað í lífríkinu, jarðveg, jarðmyndanir, vatn, loft, veðurfar og landslag, samfélag, heilbrigði, menningu og menningarminjar, atvinnu og efnisleg verðmæti.

Þýðingarmikil hráefni: hráefni sem eru á lista framkvæmdastjórnar ESB yfir þýðingarmikil hráefni. Um aðrar skilgreiningar vísast til laga um meðhöndlun úrgangs.

II. KAFLI Almenn

ákvæði.

4. gr.

Fyrirkomulag við söfnun og meðhöndlun úrgangs.

Sveitarstjórn skal sjá um að starfræktar séu móttöku- og söfnunarstöðvar fyrir úrgang sem fellur til í sveitarfélaginu, eftir atvikum í samstarfi við aðrar sveitarstjórnir.

Sveitarstjórn ber að sjá til þess að tiltækur sé farvegur fyrir allan úrgang, sbr. 2. gr. laga um meðhöndlun úrgangs, sem fellur til hjá einstaklingum og lögaðilum innan sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn skal ákveða fyrirkomulag söfnunar á heimilis- og rekstrarúrgangi í sveitarfélaginu. Fyrirkomulag söfnunarinnar skal stuðla að því að markmiðum laga um meðhöndlun úrgangs og reglugerðar þessarar verði náð í sveitarfélaginu, þ.m.t. töluleg markmið um endurvinnslu, endurnýtingu og samdrátt í urðun.

Sveitarstjórn er ábyrg fyrir reglulegri tæmingu sorpíláta og flutningi heimilisúrgangs frá öllum heimilum og lögaðilum á viðkomandi svæðum. Söfnun heimilisúrgangs í þéttbýli skal fara fram innan lóðar viðkomandi íbúðarhúss eða lögaðila nema aðliggjandi lóðir hafi sameinað söfnun úrgangs skv. heimild í 1. mgr. 10. gr. laga um meðhöndlun úrgangs. Í dreifbýli er sveitarstjórn heimilt í samráði við heilbrigðisnefnd að setja upp sorpílát í stað þess að sækja heimilisúrgang á hvert heimili og til lögaðila. Staðsetning sorpíláta skal vera þannig að aðgengi að þeim sé gott.



Þrátt fyrir ábyrgð sveitarstjórna, sbr. 4. mgr., takmarkar það ekki möguleika lögaðila til að gera beinan samning við þjónustuaðila um reglulega tæmingu sorpílata og flutning heimilisúrgangs frá eigin starfsemi.

Sveitarstjórnir skulu sjá til þess að komið sé á kerfisbundinni tæmingu á seyru úr rotþróm og úrgangi úr öðrum hreinsivirkjum þar sem til fellur lífrænn, mengandi eða sóttmengaður úrgangur, sbr. þó 4. mgr. 16. gr. og ákvæði einstakra starfsleyfa.

Sveitarstjórn skal í samráði við heilbrigðisnefnd setja upp sorpílát í nánd við sumarhúsahverfi. Séu fleiri en 20 sumarhús í hverfinu skal staðsetning sorpíláts vera sem næst hverfinu og/eða þannig að hentugt sé að losa í það í leið frá hverfinu. Sorpílátin skulu vera til staðar á því tímabili sem almennt er dvalist í húsunum í hverfinu. Gæta skal að því að aðgangur sé greiður að sorpílátum, m.t.t. tegundar úrgangs.

5. gr.

Svæðisáætlanir sveitarfélaga um meðhöndlun úrgangs.

Sveitarstjórn, ein eða fleiri í sameiningu, skal semja og staðfesta svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs, sbr. ákvæði laga um meðhöndlun úrgangs. Í áætluninni skulu m.a. koma fram upplýsingar um stöðu úrgangsmála á svæðinu, aðgerðir til að bæta undirbúning fyrir endurnotkun, endurvinnslu, aðra endurnýtingu, förgun og hvernig sveitarstjórn hyggst ná markmiðum stefnu um meðhöndlun úrgangs, stefnu um úrgangsforvarnir og settum tölulegum markmiðum varðandi heimilisúrgang og lífrænan úrgang.

Í áætluninni skal jafnframt fjalla um úrgangsforvarnir, s.s. um leiðir til að auka endurnotkun á svæðinu. Í svæðisáætlun skal sveitarstjórn setja sér markmið hvað varðar samdrátt í myndun úrgangs og meðhöndlun úrgangs sem fellur til, einkum heimilisúrgangs sem fer til förgunar eða er nýttur til orkuvinnslu.

Við gerð svæðisáætlana skal nota efnahagsleg stjórnþæki og aðrar ráðstafanir til að hvetja til þeirrar forgangsriðunar við meðhöndlun úrgangs sem fram kemur í lögum um meðhöndlun úrgangs.

Eftir því sem við á og að teknu tilliti til landfræðilegra aðstæðna og umfangs svæðisins sem áætlunin tekur til skal a.m.k. eftirfarandi koma fram í svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs:

- a. yfirlit yfir tegund, magn og myndunarstaði alls þess úrgangs sem verður til innan svæðisins sem áætlunin tekur til, þ.m.t. úrgang frá lögaðilum, hvort sem hann fellur til með reglubundnum hætti eða sjaldnar, hvaða úrgangur er líklegt að verði fluttur frá svæðinu eða til þess og mat á þróun á straumum úrgangs í framtíðinni,
- b. umfjöllun um stöðvar til endurnýtingar eða förgunar sem eru til staðar, þ.m.t. ef við á sérstakt fyrirkomulag vegna olíuúrgangs, spilliefna, úrgangs sem inniheldur verulegt magn af þýðingarmiklum hráefnum eða aðrar tegundir úrgangs sem fjallað er sérstaklega um í lögum og reglugerðum,
- c. mat á gildandi kerfi fyrir söfnun úrgangs, umfjöllun um sérstaka söfnun úrgangs þ.m.t. hvaða úrgangsflokkum er safnað í sérstakri söfnun og hvar innan svæðisins, ráðstafanir til að bæta virkni þess, hvort sveitarstjórn hafi fengið undanþágu frá skyldu til sérstakrar söfnunar og mat á þörfinni fyrir endurbætur á kerfinu,
- d. mat á nauðsyn þess að loka starfandi móttöku- og söfnunarstöðvum sem og þörf á nýjum móttöku- og söfnunarstöðvum, auk mats á fjárfestingaþörf vegna þeirrar innviðaupþýggingar,
- e. upplýsingar um hagkvæmt staðarval fyrir stöðvar til endurnýtingar eða förgunar í framtíðinni, sé þörf á þeim,
- f. almenn stefna varðandi meðhöndlun úrgangs, þ.m.t. áætluð tækni og aðferðir til meðhöndlunar úrgangs, eða stefna vegna úrgangs sem skapar sérstök vandamál við stjórnun, og



g. ráðstafanir til að koma í veg fyrir rusl á víðavangi og til að tryggja fullnægjandi hreinsun þess.

Í svæðisáætlunum sveitarfélaga skal gera grein fyrir því hvort tölulegum markmiðum sem sett eru um endurvinnslu heimilisúrgangs og samdrátt í urðun heimilisúrgangs, sbr. 7. gr., sé náð á þeirra svæði. Þá skal gera grein fyrir þeim ráðstöfunum sem sveitarfélagið greip til í þeim tilgangi. Ef markmiðum hefur ekki verið náð skal í svæðisáætlun gera grein fyrir þeim ráðstöfunum sem sveitarfélag hyggst grípa til svo þeim verði náð.

Með tilliti til landfræðilegra aðstæðna og umfangs skipulagssvæðisins geta svæðisáætlanir um meðhöndlun úrgangs tekið til eftirfarandi:

- a. skipulagsþátta, sem tengjast meðhöndlun úrgangs, þ.m.t. lýsingu á því hvernig ábyrgð dreifist á opinbera aðila og einkaaðila sem fara með meðhöndlun úrgangs,
- b. beitingar herferða til vitundarvakningar og upplýsingamiðlunar til almennings, lögaðila og annarra handhafa úrgangs, og
- c. aflagðra, mengaðra förgunarstaða og ráðstafana til að lagfæra þá.

6. gr.

Samþykkt um meðhöndlun úrgangs.

Sveitarstjórn setur sérstaka samþykkt um meðhöndlun úrgangs í sveitarfélaginu, sbr. ákvæði laga um meðhöndlun úrgangs og laga um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Í samþykkt um meðhöndlun úrgangs skal sveitarstjórn útfæra fyrirkomulag sérstakrar söfnunar, sbr. ákvæði laga um meðhöndlun úrgangs. Í slíkri samþykkt er heimilt að kveða á um fyrirkomulag sorphirðu að öðru leyti, skyldu einstaklinga og lögaðila til að flokka úrgang, heimildir sveitarfélaga til að hafna því að taka á móti úrgangi og hirða ílát, stærð, gerð, staðsetningu og merkingu sorphláta og sambærileg atriði. Jafnframt er heimilt í slíkri samþykkt að útfæra fyrirkomulag heimaðgerðar, sbr. ákvæði laga um meðhöndlun úrgangs.

Samþykkt um meðhöndlun úrgangs skal taka mið af svæðisáætlun sveitarfélags um meðhöndlun úrgangs.

7. gr.

Töluleg markmið og viðmiðanir.

Endurvinnsla heimilisúrgangs skal að lágmarki vera 50%. Þá skal endurvinnsla heimilisúrgangs að lágmarki vera 55% miðað við þyngd árið 2025, að lágmarki 60% árið 2030 og að lágmarki 65% árið 2035. Við útreikning á hlutfalli endurvinnslu skal telja með úrgang sem fór til undirbúnings fyrir endurnotkun.

Árið 2035 er heimilt að urða að hámarki 10% af þeim heimilisúrgangi sem fellur til.

Lífrænn heimilisúrgangur sem berst til urðunarstaða má að hámarki vera 35% af heildarmagni þess lífræna heimilisúrgangs sem féll til árið 1995.

Lífrænn rekstrarúrgangur sem berst til urðunarstaða má að hámarki vera 35% af heildarmagni þess lífræna rekstrarúrgangs sem féll til árið 1995.

Undirbúningur fyrir endurnotkun, endurvinnsla og önnur efnisendurnýting úrgangs frá byggingar- og niðurrifsstarfsemi, þ.m.t. fylling, en að undanskildum náttúrulegum efniviði, skal að lágmarki vera 70% miðað við þyngd.

Umhverfisstofnun heldur utan um og miðlar upplýsingum um töluleg markmið og viðmiðanir.

Um markmið um undirbúning fyrir endurnotkun, endurvinnslu og aðra endurnýtingu umbúðaúrgangs, úr sér genginna ökutækja og söfnunarhlutfall færanlegra rafhlaðna og rafgeyma og söfnunarhlutfall raf- og rafeindatækja vísast til viðeigandi reglugerða þar um.



8. gr.

Undanþága frá sérstakri söfnun úrgangs.

Ráðherra er heimilt, að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar, að veita undanþágu frá ákvæði laga um meðhöndlun úrgangs um sérstaka söfnun, að uppfylltum a.m.k. einum eftirfarandi stafliða:

- a. Blönduð söfnun tiltekinna tegunda úrgangs hafi ekki áhrif á möguleika til endurnýtingar þeirra úrgangstegunda og slík söfnun tryggi sambærileg gæði úrgangsins og fæst með sérstakri söfnun. A-lið telst því aðeins fullnægt að öll eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt (að öðrum kosti þarf að safna úrgangstegundum sérstaklega):
 - i. Blönduð söfnun hafi ekki neikvæð áhrif á gæði, verð og framboð vara, íhluta eða varahluta sem hægt er að undirbúa fyrir endurnotkun.
 - ii. Gæði og verð endurunninna hráefna sem hafa verið aðskilin og meðhöndluð í kjölfar blandaðrar söfnunar séu sambærileg eða meiri en þeirra sem koma úr sérstakri söfnun.
 - iii. Fyrirliggjandi séu staðfestingar, samningar eða áreiðanlegar beiðnir, fyrir kaupum og notum endurunninna hráefna.
 - iv. Blönduð söfnun rýri hvorki gæði úrgangsins sem hráefnis til endurnýtingar né leiði til aukinna affalla samanborið við sérstaka söfnun.
 - v. Söfnunarhlutfall, endurvinnsluhlutfall og kostnaðarhagkvæmni blandaðrar söfnunar þarf að vera sambærileg eða betri, með hliðsjón af undirbúningi fyrir endurnotkun og endurvinnslu, en hjá sveitarfélögum þar sem aðstæður eru svipaðar.
- b. Sérstök söfnun skili ekki bestri heildarniðurstöðu fyrir umhverfið, þegar tekið er tillit til heildarumhverfisáhrifa stjórnunar á viðkomandi úrgangsstraumum. B-lið telst því aðeins fullnægt að öll eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt (að öðrum kosti þarf að safna úrgangstegundum sérstaklega):
 - i. Undanþágu er óskað á öðrum grundvelli en þeim einum að svæði sé afskekkt, fjalllent eða eyja.
 - ii. Greining sýni fram á að aðrar útfærslur sérstakrar söfnunar, s.s. grenndargámar eða söfnunarstöðvar, leiði ekki til umhverfisvænni lausnar en blönduð söfnun.
 - iii. Undanþágan nái eingöngu til afmarkaðs svæðis þar sem sérstök söfnun skilar ekki bestri heildarniðurstöðu fyrir umhverfið, en ekki til sveitarfélags í heild.
 - iv. Til grundvallar beiðni um undanþágu liggur viðurkennd lífsferilsgreining skv. staðlinum ISO 14040 eða annað staðlað mat á umhverfisáhrifum. Matsþættir þeir sem lagðir eru til grundvallar greiningunni skulu vera viðeigandi og fela í sér hugsanleg stefnuúrræði sem hvetja til breytinga á atferli fólks, s.s. kerfi sem felur í sér raunálagningu gjalda fyrir meðhöndlun úrgangs ("borgaðu þegar þú hendir"). Þá þarf greiningin að sýna fram á að umhverfislegur ávinningur þess að víkja frá sérstakri söfnun sé umtalsvert meiri en með sérstakri söfnun.
- c. Sérstök söfnun sé ekki tæknilega möguleg. C-lið telst því aðeins fullnægt að öll eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt (að öðrum kosti þarf að safna úrgangstegundum sérstaklega):
 - i. Umsækjandi sýni fram á að nákvæm greining á mögulegum útfærslum sérstakrar söfnunar, sem rúmast innan laga um meðhöndlun úrgangs, hafi leitt í ljós að þær væru ekki fýsilegar. Slík greining skal innihalda mat á hugsanlegri notkun tækninýjunga.
 - ii. Undanþágan nái eingöngu til afmarkaðs svæðis þar sem sérstök söfnun er ekki tæknilega möguleg vegna aðstæðna, sbr. lið i og ii, en ekki til sveitarfélags í heild.



d. Sérstök söfnun hafi í för með sér óhóflegan kostnað.

D-lið telst því aðeins fullnægt að öll eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt (að öðrum kosti þarf að safna úrgangstegundum sérstaklega):

- i. Grundvöllur mats á óhóflegum kostnaði er annar en sá að miðað sé við lág gjöld fyrir urðun eða brennslu úrgangs.
- ii. Til grundvallar mati á því hvort sérstök söfnun hafi óhóflegan kostnað í för með sér skal liggja fyrir kostnaðar- og ábatagreining (CBA) sem tekur mið af öllum innri og ytri kostnaði og ábata þar sem m.a. er tekið tillit til allra eftirfarandi atriða:
 1. Rekstrarkostnaðar: s.s. vegna íláta, söfnunar, flutninga, vinnuafls, afskrifta o.fl.
 2. Tekna af endurnýttum úrgangi.
 3. Áhrifa á heilbrigði manna, dýra og umhverfið.
 4. Áhrifa á atvinnustig.
 5. Áhrifa á stjórnsýslu sveitarfélagsins.
 6. Áhrif á tækifæri til rannsókna og þróunar á svæðinu.
 7. Félagslegra áhrifa.
- iii. Umsækjandi sýni fram á að nýttar eða kannaðar hafi verið til hlítar þær ráðstafanir sem kveðið er á um í lögum um meðhöndlun úrgangs og hafa áhrif á kostnað, a.m.k. fjármögnun framleiðenda og innflytjenda, innheimtu gjalds sem næst raunkostnaði við viðkomandi þjónustu, færslu gjalda á milli úrgangsflokka og heimajarðgerð úr lífúrgangi. Ekki er hægt að sækja um undanþáguna á grundvelli þess að undanþágan nái eingöngu til afmarkaðs svæðis þar sem sérstök söfnun hefði í för með sér óhóflegan kostnað vegna aðstæðna, en ekki til sveitarfélags í heild.

Undanþága frá sérstakri söfnun er veitt að hámarki til sex ára í senn. Sótt skal um undanþágu á rafrænu eyðublaði sem aðgengilegt er á vef Stjórnarráðsins.

III. KAFLI

Meðhöndlun úrgangs.

9. gr.

Meginreglur.

Draga skal eins og unnt er úr myndun úrgangs. Stefnt skal að endurnotkun og endurnýtingu hans svo sem kostur er. Beita skal bestu aðgengilegri tækni við meðhöndlun úrgangs.

Allur úrgangur skal færður til viðeigandi meðhöndlunar, annaðhvort beint til endurnýtingar eða á grenndar-, móttöku- eða söfnunarstöð, og þaðan til endurnýtingar eða förgunar eftir því sem nánar verður kveðið á um í reglugerð þessari, öðrum reglugerðum um úrgang eða samþykktum sveitarfélaga. Allur úrgangur skal meðhöndlaður á viðeigandi hátt áður en til förgunar kemur. Skyldur framleiðanda úrgangs eða handhafa úrgangs til að endurnýta eða farga úrgangi falla að jafnaði ekki niður þó að úrgangur hafi verið fluttur til opinberra aðila eða einkaaðila.

Meðhöndlun úrgangs skal vera með þeim hætti að óþrífnaður og óþægindi stafi ekki af. Við flutning og geymslu úrgangs skal handhafi úrgangs gæta þess að ekki hljóti af mengun eða annar skaði fyrir umhverfi. Hafi úrgangur dreifst eða sé meðhöndlun úrgangs ábótavant að öðru leyti getur heilbrigðisnefnd eða Umhverfisstofnun, eftir atvikum, krafist þess að viðkomandi aðili hreinsi upp og geri viðeigandi ráðstafanir.

Bannað er að skilja eftir, flytja, dreifa eða geyma úrgang á þann hátt að valdið geti skaða, mengun eða lýtum á umhverfinu. Þetta gildir jafnt um smærri sem stærri hluti.

Óheimilt er að losa úrgang annars staðar en á grenndar-, móttöku- eða söfnunarstöð, eða í sorpílat. Þrátt fyrir ákvæði 3. málsl. er heimilt að losa lífúrgang í heimajarðgerð.



Opin brennsla úrgangs er óheimil. Þetta á þó ekki við um skipulagðar brennur, t.d. áramótabrennur o.þ.h., sem starfsleyfi hefur verið veitt fyrir, sbr. ákvæði reglugerðar um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Úrgangshafa er óheimilt að þynna eða blanda úrgang í þeim eina tilgangi að hann fullnægi viðmiðunum um móttöku úrgangs.

10. gr.

Samræmdar merkingar úrgangstegunda.

Við meðhöndlun úrgangs skal, a.m.k. fyrir eftirfarandi úrgangstegundir: pappír og pappa, málma, plast, gler, lífúrgang, textíl, spilliefni og blandaðan úrgang, nota íslenska útfærslu á Sam norrænum merkingum, sbr. III. viðauka, þar sem hver úrgangstegund hefur sitt merki og sinn einkennislit. Merkingarnar skal nota við alla meðhöndlun úrgangs óháð staðsetningu og án tillits til fjölda íláta, stærðar þeirra eða gerðar að öðru leyti og skal notkunin vera án endurgjalds.

11. gr.

Úrgangur frá hreinsun skólps.

Úrgang sem fellur til við hreinsun skólps, s.s. salernisúrgang, síu- eða ristarúrgang og seyru sem ekki verður nýtt, skal flytja til móttökustöðvar sem hefur starfsleyfi.

12. gr.

Sérstakur úrgangur frá heilbrigðisþjónustu og stofum sem stunda húðrof.

Tryggja skal að allur sérstakur úrgangur sem fellur til vegna heilbrigðisþjónustu eða vegna húðrofa sé meðhöndlaður á viðunandi hátt og að hann blandist ekki við heimilisúrgang og annan úrgang. Til að koma í veg fyrir smit, eitranir, ofnæmi, óþol, eld, íkveikju- og sprengihættu jónandi geislun og mengun umhverfis skal gæta ítrustu varkárni og nákvæmni við meðhöndlun á sérstökum úrgangi frá heilbrigðisþjónustu og stofum sem stunda húðrof.

Þeir sem hafa undir höndum sérstakan úrgang frá heilbrigðisþjónustu eða stofum sem stunda húðrof eða sjá um geymslu hans, pökkun og undirbúning á flutningi skulu tryggja að meðhöndlun hans sé eins og kveðið er á um í I. viðauka. Stjórnendum heilbrigðisþjónustu og framangreindra stofa ber að tryggja að starfsfólk þeirra sem meðhöndlar sérstakan úrgang frá heilbrigðisþjónustu og stofum sem stunda húðrof og/eða efni og hluti sem verða að slíkum úrgangi fái fræðslu um meðhöndlun hans og upplýsingar um þá ábyrgð sem það ber varðandi hann. Skrá skal þjálfun og fræðslu starfsfólks.

13. gr.

Smitandi úrgangur.

Meðhöndlun á úrgangi öðrum en aukaafurðum dýra sem fellur til við aðgerðir sem nauðsynlegar eru til að útrýma eða hindra útbreiðslu dýrasjúkdóma og öðrum smitandi úrgangi en þeim sem fjallað er um í 12. gr., skal vera á viðunandi hátt og þess gætt að hann blandist ekki við annan úrgang og valdi ekki smiti. Við meðhöndlun á aukaafurðum dýra sem kunna að valda smithættu fer eftir reglugerð um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis.

14. gr.

Um almennan þrifnað utanhúss.

Umráðamönnum lóða er skylt að halda þeim hreinum og snyrtilegum.



Heilbrigðisnefnd hefur eftirlit með almennum þrifnaði og hreinlæti utanhúss og hlutast til um að fram fari eftir þörfum almenn hreinsun lóða og lenda í þrifnaðarskyni. Í því skyni er heilbrigðisnefnd heimilt að:

- a. krefjast lagfæringa og viðgerða á lóðum, girðingum og mannvirkjum, ef nauðsynlegt þykir til þrifnaðar eða ef ástand þeirra er til lýta fyrir umhverfið,
- b. fyrirskipa hreinsun lóða og lenda og ef sérstök ástæða er til niðurrif húsa og girðinga í niðurníðslu,
- c. láta fjarlægja númerslaugar bifreiðar og bílflok og sambærilega hluti að undangenginni viðvörun, t.d. með álímingarmiða með aðvörunarorðum, og
- d. hreinsa einkalóðir á kostnað eigenda telji nefndin þess þörf vegna mengunar og óhollustu. Sveitarstjórn skal sjá um að hreinsun fari fram á opinberum stöðum, t.d. görðum og torgum.

15. gr.

Sorpílát.

Fasteignareigandi skal sjá til þess að fasteign hans fylgi nægilega mörg sorpílát og að þau séu endurnýjuð eftir þörfum.

Sorpílát sem geymd eru utanhúss skulu standa á fastri undirstöðu og vera þannig staðsett að aðgangur að þeim sé greiður og af þeim geti ekki stafað óþægindi eða óþrifnaðar fyrir umhverfið.

Ganga skal þannig frá sorpílátum og sorpgeymslum að þær valdi ekki óþrifum eða óþægindum. Halda skal þeim við eftir þörfum og þær hreinsaðar reglulega. Sorpgeymslur má eingöngu nota til geymslu heimilisúrgangs.

Heilbrigðisnefnd getur gefið fyrirmæli um fjölda, staðsetningu, gerð og þrif sorpíláta.

Um staðsetningu sorpíláta vísast til ákvæðis 6. gr. reglugerðar þessarar og að öðru leyti vísast til byggingarreglugerðar og skipulagsreglugerðar.

16. gr.

Sértækar skyldur rekstraraðila.

Rekstrarúrgangi sem fellur til við atvinnurekstur skal safna saman og flytja brott þegar í stað eða geyma með þeim hætti að óhollusta eða óþrifnaðar stafi ekki af. Rekstrarúrgang skal geyma í hentugum og heilum ílátum þannig gerðum að auðvelt sé að tæma þau. Rekstraraðili ber einnig ábyrgð á nauðsynlegri hreinsun nálægs umhverfis.

Rekstraraðili skal sjá til þess að rekstri hans fylgi nægilega mörg ílát og að þau séu lagfærð og endurnýjuð eftir þörfum. Óheimilt er að veita atvinnurekstri starfsleyfi eða staðfesta skráningu nema fullnægjandi aðstaða sé fyrir hendi til þess að geyma og flokka úrgang.

Rekstraraðilar sem rekstrarúrgangur fellur til hjá skulu sjá um flutning og bera kostnað vegna meðhöndlunar.

Rekstraraðilar húsnæðis eða svæða þar sem salernisúrgangur, ristarárgangur eða seyra fellur til sjá um alla meðferð og flutning úrgangsins, svo fremi ekki sé í gildi sérstök heilbrigðissamþykkt sem kveður á um annað.

IV. KAFLI

Starfsleyfi, skráning atvinnurekstrar, eftirlit og skoðanir.

17. gr.

Starfsleyfi og skráning atvinnurekstrar.

Um útgáfu starfsleyfa og staðfesta skráningu fer samkvæmt lögum um meðhöndlun úrgangs og lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir. Í starfsleyfi skulu vera ákvæði sem miða að því að vernda umhverfi og heilsu manna. Jafnframt skulu ákvæði starfsleyfis taka mið af aðstæðum á viðkomandi stað.



Til að vernda heilsu fólks skal við staðsetningu söfnunar- og flokkunarmiðstöðva fyrir úrgang taka mið af því að ekki hljóti af óþægindi fyrir íbúa og taka tillit til nálægðar við íbúðarhús, skóla, matvælaframleiðslu- og sölustaði, heilbrigðisþjónustu og aðra dvalarstaði fólks. Leita skal umsagnar starfsleyfisútgefanda eða móttakanda skráningar atvinnureksturs við ákvörðun staðsetningar.

18. gr.

Eftirlit.

Umhverfisstofnun fer með eftirlit með framkvæmd reglugerðar þessarar að öðru leyti en skv. ákvæðum 14. gr.

V. KAFLI Ýmis

ákvæði.

19. gr.

Aðgangur að upplýsingum.

Um aðgang að upplýsingum fer samkvæmt upplýsingalögum nr. 140/2012 og lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

20. gr.

Þvingunarúrræði, málsmeðferð og viðurlög.

Um þvingunarúrræði, málsmeðferð og viðurlög fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

21. gr.

Gildistaka tiltekinna gerða Evrópusambandsins.

Með reglugerð þessari öðlast gildi hér á landi með þeim breytingum og viðbótum sem leiða af XX. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, bókun 1 um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum samningsins:

Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/727/ESB frá 6. desember 2013 um að ákvarða snið til að tilkynna upplýsingar varðandi samþykki og umtalsverðar breytingar á úrgangsstjórnunaráætlunum og áætlunum um forvarnir gegn myndun úrgangs, sem vísað er til í tölulið 32ffe, XX. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 170/2015 frá 11. júní 2015. Framkvæmdarákvörðunin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 55 frá 17. september 2015, 2015/EES/63/75, bls. 356-360.

22. gr.

Innleiðing tiltekinna gerða Evrópusambandsins.

Reglugerð þessi er sett til innleiðingar á eftirfarandi EES-gerðum Evrópusambandsins:

1. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB frá 19. nóvember 2008 um úrgang og um niðurfellingu tiltekinna tilskipana, sem vísað er til í tölulið 32ff í V. kafla XX. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 85/2011 þann 1. júlí 2011.
2. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/851 frá 30. maí 2018 um breytingu á tilskipun 2008/98/EB um úrgang, sem vísað er til í tölulið 32ff í V. kafla XX. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 318/2021 þann 29. október 2021.



3. Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/727/ESB frá 6. desember 2013 um að ákvarða snið til að tilkynna upplýsingar varðandi samþykki og umtalsverðar breytingar á úrgangsstjórnunaráætlunum og áætlunum um forvarnir gegn myndun úrgangs.
4. D-lið 4. mgr. 1. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2018/850 frá 30. maí 2018 um breytingu á tilskipun 1999/31/EB um urðun úrgangs, sem vísað er til í tölulið 32d í V. kafla XX. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 84/2022 þann 18. mars 2022.
5. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2019/1004 frá 7. júní 2019 um reglur, reiknireglur, sannprófun og skýrslugjöf um úrgang sem mælt er fyrir um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB um úrgang og niðurfelling ákvörðunar C(2012) 2384.

23. gr.

Lagastoð og gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með stoð í a-, b-, c-, e-, g-, k-, l-, n-, bb- og cc-liðum 43. gr. laga um meðhöndlun úrgangs og 4. og 5. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir og að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, Umhverfisstofnun og aðra hlutaðeigandi haghafa. Reglugerðin tekur þegar gildi og fellur reglugerð um meðhöndlun úrgangs, nr. 737/2003, ásamt síðari breytingum, þar með úr gildi.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, 10. júlí 2023.

Guðlaugur Þór Þórðarson.

Halla Sigrún Sigurðardóttir.

I. VIÐAUKI



Meðferð á sérstökum úrgangi frá heilbrigðisþjónustu og stofum sem stunda húðrof.

Meginflokkar úrgangs frá heilbrigðisþjónustu og stofum sem stunda húðrof eru heimilisúrgangur og sérstakur úrgangur. Meðhöndla þarf allan úrgang frá heilbrigðisþjónustu og stofum sem stunda húðrof með varkárni og nákvæmni þar sem hann getur haft beina hættu í för með sér fyrir fólk, dýr og umhverfi.

Flokka skal úrgang frá heilbrigðisþjónustu og stofum sem stunda húðrof á upprunastað. Sérstökum úrgangi skal tafarlaust pakkað í viðeigandi umbúðir eftir að hann hefur myndast, hann merktur og komið í geymslu í loftræstu og lokuðu rými þar til hann er fluttur til förgunar. Sá sem sér um flutning á sérstökum úrgangi frá heilbrigðisþjónustu og stofum sem stunda húðrof skal hafa starfsleyfi hlutaðeigandi heilbrigðisnefndar. Koma skal í veg fyrir að úrgangurinn verði fyrir hnjaski við flutning til förgunar og tryggja ber að honum verði eytt á viðurkenndan hátt. Halda skal kvittunum um móttöku, hvort sem er á pappír eða tölvutæku formi, til haga fyrir eftirlitsaðila.

Flokkar sérstaks úrgangs.

Sérstakur úrgangur flokkast í eftirfarandi:

1. Smitandi úrgang (sóttmengaðan úrgang):

- Úrgangur frá sjúklingum í einangrun, vegna ónæmra baktería eða smitsjúkdóma.
- Einnota áhöld menguð smitefni frá sýktum sjúklingi og umbúðir og sýni frá sýktum sárum.
- Blóðsmitaður úrgangur, blóð og blóðmengið einnota áhöld og hlutir. Þó má flokka notuð tíðabindi og tíðatappa, minni sáraumbúðir eins og plástra og bómull með þurru blóði með almennum úrgangi (sambærilegum blóðsmituðum úrgangi sem fellur til sem heimilisúrgangur).

2. Líkamshluta og vefi:

- Líkamsvefir, ónotaðir skimaðir blóðhlutar eða líkamsleifar úr fólki og dýrum, t.d. frá skurðstofum, krufningastofum, rannsóknnum eða starfsemi dýralækna.

3. Hvassa hluti:

- Nálar og sprautur.
- Skurðhnífablöð.
- Rakblöð.
- Mjög brothætt gler.
- Annað sem getur hugsanlega skorið eða stungið.

4. Lyf, þar með talið frumubreytandi efni sem geta haft stökkbreytingar í för með sér.

5. Geislavirkan úrgang, þar á meðal úrgang frá skönnum, óm- og sneiðmyndatækjum og annað samkvæmt reglum Geislavarna ríkisins.

6. Spilliefni, þar á meðal rotvarnarvökvi, rafhlöður, kvikasilfur og annað, sbr. reglugerð um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs.

Meðferð, þökkun úrgangs á upprunastað, flutningur og förgun.

Við frágang sérstaks úrgangs frá heilbrigðisþjónustu og stofum sem stunda húðrof skal gæta fyllsta öryggis við þökkun, geymslu og aðra meðferð hans.

1. Almennar reglur:

- Meðhöndla skal öll ílát fyllt sérstökum úrgangi með varúð.
- Ílát undir sérstakan úrgang skulu vera greinilega merkt, þannig að ekki leiki vafi á að þau innihaldi slíkan úrgang.
- Nota skal tvöfalda poka þegar þess er þörf. Óheimilt er að hella fljótandi efnum beint ofan í poka. Komaskal vökvum fyrir í lekaheldum ílátum fyrir sérstakan úrgang áður en þeir eru settir í poka. Ílát skulu ekki fyllt nema að $\frac{3}{4}$ hlutum af rúmmáli þeirra og þeim lokað tryggilega, t.d. skal loka pokum með þar til gerðum böndum sem ekki er hægt að opna.



- Ekki má skilja þannig við ílát eða poka að þeir geti oltið út á hlið eða þannig að innihaldið geti lekið út.

2. Umbúðir úrgangs:

- Smitandi úrgang (sóttmengaðan úrgang) sem búið er að dauðhreinsa skal setja í viðeigandi ílát og hann merktur „dauðhreinsað“ – ekki smitandi.
- Smitandi úrgang (sóttmengaðan úrgang) sem ekki er búið að dauðhreinsa skal setja í gulan poka úr þykku plasti eða ílát með merkingu sem sýnir að innihald er smitandi.
- Líkamshluta og vefi skal setja í gulan poka eða ílát úr þykku plasti og geyma í kæli eða frysti fram aðflutningi í förgun.
- Hvassa hluti skal setja í ílát, úr þykku plasti með þétu loki, sem sérstaklega er ætlað undir slíka hluti.
- Spilliefni skal setja í traustar umbúðir.
- Lyf skal setja í ílát með þéttri lokun.
- Geislavarnir ríkisins veita leiðbeiningar um pökkun á geislavirkum úrgangi.
- Matvælastofnun veitir leiðbeiningar um meðhöndlun og merkingar úrgangs sem falla undir reglugerð um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis.

3. Meðhöndlun einstakra tegunda sérstaks úrgangs frá heilbrigðisþjónustu eða stofum sem stunda húðrof: - Dauðhreinsa skal smitnæm og hættumerkt sýni áður en þau eru flutt frá viðkomandi starfsemi. Þó er heimilt, þegar aðstæður leyfa, að flytja smitandi úrgang (sóttmengaðan úrgang) án undangenginnar dauðhreinsunar þegar öruggt er að umbúnaður sé tryggur og að smitandi úrgangurinn (sóttmengaði úrgangurinn) er fluttur til förgunar í móttökustöð sem hefur starfsleyfi fyrir slíka förgun.

- Ganga skal frá öllu blóði og blóðmengum hlutum á sama hátt hvort sem þeir koma frá einstaklingum íáhættuhópi eða ekki. Þó má flokka notuð tíðabindi og tíðatappa, minni sáraumbúðir eins og plástra eða bómull með þurru blóði með almennum úrgangi (sambærilegum blóðsmituðum úrgangi sem fellur til sem heimilisúrgangur).
- Líkamshluta og vefi skal geyma í kældu rými. Þá má ekki geyma lengur við herbergishita en í fjóra tímaog ekki lengur en í þrjá sólarhringa í kælskápi. Djúpfrysta skal það sem geyma þarf í lengri tíma.
- Ílát undir hvassa hluti skal ekki fylla meira en $\frac{3}{4}$ af rúmmáli þess.
- Um önnur spilliefni fer samkvæmt reglugerð um spilliefni.
- Úrgangslyfjum ber að safna í tilskilin ílát og merkja sérstaklega, t.d. sem „lyf til eyðingar“ eða „sóttmengað – brennist“.
- Geislavarnir ríkisins veita leiðbeiningar um meðhöndlun á geislavirkum úrgangi.
- Matvælastofnun veitir leiðbeiningar um meðhöndlun úrgangs sem fellur undir reglugerð um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis.

4. Flutningur:

- Einungis aðilar sem hafa starfsleyfi frá heilbrigðisnefnd til flutninga á spilliefnum mega annast flutning á sérstökum úrgangi frá heilbrigðisþjónustu og stofum sem stunda húðrof, sbr. reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Úrgangur skal undirbúinn og fluttur til förgunar í samræmi við eftirfarandi:
- Smitandi úrgangur (sóttmengaður úrgangur) skal dauðhreinsaður á viðkomandi stofnun eða fluttur afviðurkenndum aðila til móttökustöðvar. Að fengnu leyfi viðkomandi heilbrigðisnefndar má flytja smitandi úrgang til brennslu í brennslustöð án undangenginnar dauðhreinsunar. Óheimilt er að flytja smitandi úrgang án undangenginnar dauðhreinsunar til urðunar.



- Um flutning á geislavirkum úrgangi fer samkvæmt reglum Geislavarna ríkisins og reglugerðar um flutning á hættulegum farmi á landi.
- Matvælastofnun veitir leiðbeiningar um meðhöndlun úrgangs sem fellur undir reglugerð um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis.
- Annar úrgangur skal fluttur til móttökustöðvar.

5. Förgun:

- Brennsla, samkvæmt ákvæðum reglugerðar um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.- Urðun, samkvæmt ákvæðum reglugerðar um urðun úrgangs.

Matvælastofnun veitir leiðbeiningar um förgun úrgangs sem fellur undir reglugerð um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis.

II. VIÐAUKI

Dæmi um ráðstafanir til að koma í veg fyrir myndun úrgangs.

Ráðstafanir sem geta haft áhrif á rammaskilyrðin sem tengjast myndun úrgangs:

1. Ráðstafanir vegna áætlanagerðar eða önnur efnahagsleg stjórnþæki sem stuðla að skilvirkri notkun á auðlindum.
2. Efling rannsókna og þróunarstarfsemi sem stuðla að því að fá fram vörur sem eru hreinni og skapa minni úrgang og miðlun á niðurstöðum slíkra rannsókna og þróunarstarfsemi og hagnýting niðurstaðnanna.
3. Þróun á skilvirkum og markvissum vísum fyrir álag á umhverfið, sem tengjast myndun úrgangs og sem ætlað er að stuðla að forvörnum gegn myndun hans á öllum stigum, allt frá samanburði á vörum á vegum Evrópusambandsins, að frumkvæði sveitarfélaga til ráðstafana á vegum ríkisins.

Ráðstafanir sem geta haft áhrif á hönnun og á framleiðslu- og dreifingarfasann:

4. Efling vishönnunar (kerfisbundin samþætting umhverfispáttá inn í vöruhönnun í því skyni að bæta vistvænleika vöru á öllum vistferli hennar).
5. Veiting upplýsinga um tækni til að koma í veg fyrir myndun úrgangs með það í huga að stuðla að notkun bestu, fánlegu tækni í iðnaði.
6. Skipulagning á þjálfun lögbærra yfirvalda að því er varðar innleiðingu krafna um forvarnir gegn myndun úrgangs í starfsleyfum samkvæmt lögum um meðhöndlun úrgangs og reglugerðum settum samkvæmt þeim og reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.
7. Ráðstafanir til að koma í veg fyrir framleiðslu úrgangs á stöðvum sem falla ekki undir I. viðauka við reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Slíkar ráðstafanir gætu, eftir því sem við á, falist í mati á forvörnum gegn myndun úrgangs eða áætlunum þar að lútandi.
8. Herferðir til vitundarvakningar eða það að veita fyrirtækjum fjárhagslegan stuðning, stuðning við ákvarðanatöku eða annan stuðning. Líklegt er að slíkar ráðstafanir verði sérlega skilvirkar ef þær beinast að og eru lagaðar að litlum og meðalstórum fyrirtækjum og í gegnum viðskiptanet sem þegar eru fyrir hendi.
9. Frjálsir samningar, umræðuhópar neytenda/framleiðenda eða samningaviðræður innan geiranna í því skyni að viðkomandi fyrirtæki eða iðnaðargeirar geri sínar eigin áætlanir eða setji markmið um forvarnir gegn myndun úrgangs eða geri úrbætur varðandi vörur eða umbúðir sem hafa í för með sér myndun mikils úrgangs.
10. Það að stuðla að traustvekjandi umhverfisstjórnunarkerfi, þ.m.t. umhverfisstjórnunarkerfi Evrópusambandsins og ISO 14001.

Ráðstafanir sem geta haft áhrif á neyslu- og notkunarfasann:



11. Efnahagsleg stjórnæki, s.s. ívilnanir vegna umhverfissvænna innkaupa eða innleiðing á skyldugreiðslum neytenda fyrir tiltekinn hlut eða hluta af umbúðum sem annars fengist endurgjaldslaust.
12. Herferðir til vitundarvakningar og upplýsingamiðlunar til almennings eða tiltekins hóps neytenda.
13. Það að stuðla að traustvekjandi umhverfismerkjum.
14. Samningar við iðngreinarnar, s.s. um að koma á umræðuhópum um vörur, t.d. þeirra sem fara fram innan rammans um samþætta vörustefnu, eða við smásala um aðgengi að upplýsingum um forvarnir gegn myndun úrgangs og um vörur sem hafa minni umhverfisáhrif.
15. Samþætting umhverfisviðmiðana og viðmiðana um forvarnir gegn myndun úrgangs við útboð og samninga, bæði í tengslum við opinber innkaup og innkaup fyrirtækja, í samræmi við handbók framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um umhverfissvæn, opinber innkaup.
16. Það að stuðla að endurnotkun og/eða viðgerðum á viðeigandi vörum, sem hefur verið fleygt, eða á efnispáttum þeirra, sérstaklega með menntunartengdum eða efnahagslegum ráðstöfunum eða ráðstöfunum er varða aðdrætti eða öðrum ráðstöfunum á borð við stuðning við eða stofnun viðgerðar- og endurnotkunarmiðstöðva, einkum á þéttbýlum svæðum.

III. VIÐAUKI

Samræmdar merkingar úrgangstegunda.

Hönnun merkingar:

Hönnun merkingar skal endurgerð án þess að bæta við öðrum áhrifaþáttum, aðlaga litina, lagfæra eða stækka bakgrunninn. Merkingin skal endurgerð í upplausn sem er að lágmarki 300 punktar á tommu þegar hún er prentuð í raunstærð.

Upplýsingatextinn skal vera í hástöfum og í leturgerðinni Helvetica Bold. Leturstærð skal vera að lágmarki 5 pt og að hámarki 14 pt.

1. Fyrir pappír skal að lágmarki nota eftirfarandi merkingar, eftir því sem við á, og lit:



CMYK 95 35 5 0

PANTONE 2185 C

RGB 0 130 190

HEX #0082BE

RAL 5015 (SKY BLUE)

2. Fyrir pappa skal að lágmarki nota eftirfarandi merkingar, eftir því sem við á, og lit:



CMYK 25 35 65 5

PANTONE 7562 C

RGB 190 160 100

HEX #BEA064

RAL 1024 (OCHRE YELLOW)

3. Yrir plast skal að lágmarki nota eftirfarandi merkingar, eftir því sem við á, og lit:



CMYK 50 95 0 0

PANTONE 7656 C

RGB 150 30 130

HEX #961E82

RAL 4008 (SIGNAL VIOLET)

4. Fyrir gler skal að lágmarki nota eftirfarandi merkingar, eftir því sem við á, og lit:



CMYK 75 0 55 0

PANTONE 2401 C

RGB 30 175 140

HEX #1DAF8E

RAL 6027 (LIGHT GREEN)

5. yrir lífúrgang skal að lágmarki nota eftirfarandi merkingar og liti:



CMYK 80 0 90 0

PANTONE 7428 C

RGB 0 160 75

HEX #00A04B

RAL 6037 (PURE GREEN)



CMYK 80 0 90 50

PANTONE 349 C

RGB 0 100 50

HEX #006432

RAL 6001 (EMERALD GREEN)

6. Fyrir málma skal að lágmarki nota eftirfarandi merkingar, eftir því sem við á, og lit:



CMYK 25 0 0 65

PANTONE 444 C

RGB 90 110 120

HEX #5A6E78

RAL 7031 (BLUE GREY)

7. Fyrir blandaðan úrgang skal að lágmarki nota eftirfarandi merkingu og lit:



CMYK 20 20 20 100

PANTONE BLACK 6 C

RGB 20 20 20

HEX #141414

RAL 9005 (JET BLACK)

8. Fyrir textíl skal að lágmarki nota eftirfarandi merkingu og lit:



CMYK 55 0 90 0

PANTONE 7488 C

RGB 135 200 75

HEX #87C84B

RAL 6018 (YELLOW GREEN)

9. Fyrir spilliefni skal að lágmarki nota eftirfarandi merkingu og lit:



CMYK 0 100 90 0

PANTONE 485 C

RGB 225 15 30

HEX #E10F1E

RAL 3020 (TRAFFIC RED)

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.

Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á Norðurlandi 2023-2036

Yfirlit yfir stöðu aðgerða 2024



Efnisyfirlit

Inngangur.....	28
Stefna sveitarfélaganna á Norðurlandi í úrgangsmálum	28
Staða Aðgerða.....	30
Úrgangsforvarnir.....	30
Kynningarátak um hringrásarhagkerfið	30
Lámörkun umbúða	31
Kortlagning lífrænna hliðarafurða.....	32
Uppbygging innviða til úrgangsforvarna.....	33
Söfnun og flokkun úrgangs.....	34
Endurskipulagning úrgangsíláta við heimahús	34
Fjölgun grenndarstöðva.....	36
Söfnun glers, málma, textíls og spilliefna.....	37
Uppbygging innviða	39
Efling móttökustöðva.....	40
Jarðgerð á jaðarsvæðum	41
Nýting seyru	41
Úttekt á urðunarstöðum fyrir óvirkkan úrgang	42
Áætlun um minnkandi umsvif urðunarstaðar í Stekkjarvík.....	43
Samþykktir, gjaldskrár og bókhald.....	44
Samræming samþykhta um meðhöndlun úrgangs.....	44
Innleiðing BPHE.....	45
Endurbætt sundurliðun í bókhaldi.....	46
Samningar við verktaka.....	46
Samstarf um útboð o.fl	47
Útgáfa og kynning	48
Bætt birting upplýsinga	48

Inngangur

Þegar þetta er skrifað er liðið ár síðan svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á Norðurlandi var endanlega samþykkt og hefur Vinna við aðgerðaráætlun farið hratt af stað og var í raun hafin. Mikil vinna hefur verið unnin hjá sveitarfélögunum við að mæta kröfum nýrra laga og þó sum sveitarfélög hafa mætt ítrustu kröfum um söfnun við húsvegg þá eru önnur enn að vinna að þeirri breytingu. Einnig hefur reynst erfit í afskekktari byggðum að mæta kröfum um söfnun á lífúrgangi enda ekki farvegur til sem geta tekið við þeim úrgangi á hagkvæman og skilvirknan hátt. Grenndarstöðvar eru byrjaðar að stinga upp kollinum. Sveitarfélögin eru mörg hver byrjuð í vinnu við uppfærslu samþykktu um meðhöndlun úrgangs en ekkert sveitarfélag á norðurlandi eystra hefur þó lokið þeirri vinnu þegar þetta er skrifað. Sama má segja um breytingu á uppsetningu gjaldskráa í takt við borgað þegar hent er en búast má við að það verði leiðrétt í byrjun árs 2025 hjá þeim flestum. Einhver sveitarfélög hafa lokið útboðsferli og önnur langt komin. Í þessum önnum sveitarfélaganna hefur gengið hægt að koma af stað sameiginlegum verkefnum sem ná yfir landshlutann allan og bíða þau eftir að hægi um. Það hefur líka verið gaman að sjá einstaka stofnanir fyrirtæki taka til sín markmið svæðisáætlunar og vinna að verkefnum sem stuðla að hringrásarhagkerfinu.

Það er mikilvægt að í lok árs þegar sveitarfélögin náum þeim áfanga að standast lámarks kröfur laga að þau glati ekki þeirri þekkingu á úrgangsmálum sem hefur myndast í vinnu undanfarinna ára og standi að áframhaldandi þróun til minkunnar úrgangs á hvern einstakling og að það sem fellur til verði endurnýtt, endurnotað eða endur unnið á hagkvæman og umhverfisvænan hátt.

Stefna sveitarfélaganna á Norðurlandi í úrgangsmálum

Aðgerðaráætlun úrgangsmála á Norðurlandi er byggð á sameiginlegum markmiðum sveitarfélaganna á Norðurlandi um þróun úrgangsmála á svæðinu sem eru eftirfarandi

- Sveitarfélögin eru sammála um að stefna að sjálfbærri framtíð í úrgangsmálum landshlutans. Í samræmi við það er meginmarkmið sveitarfélaganna í þessum málaflokki að draga úr myndun úrgangs, auka endurvinnslu og aðra endurnýtingu í anda hringrásarhagkerfisins og að lágmarka förgun, þannig að magn og hlutfall úrgangs sem ekki nýtist í hagkerfinu verði á hverjum tíma eins lítið og mögulegt er, að teknu tilliti til tæknilegra og efnahagslegra forsenda.*
- Sveitarfélögin leggja áherslu á að forgangsraða aðgerðum í úrgangsmálum í samræmi við ákvæði 7. gr. laga um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003 og beita hagrænum hvötum til að tryggja sem besta heildarniðurstöðu fyrir umhverfið, með hagsmuni komandi kynslóða að leiðarljósi.*
- Sveitarfélögin eru sammála um að stuðla að sem mestri úrvinnslu úrgangs á svæðinu, með það að leiðarljósi að bæta nýtingu auðlinda, draga úr flutningum og skapa atvinnu í héraði.*
- Sveitarfélögin leggja sérstaka áherslu á að lífrænn úrgangur sem til fellur á Norðurlandi fari ekki til spillis, heldur sé nýttur til hagsbóta fyrir íbúa og fyrirtæki á svæðinu með það að leiðarljósi að nýta þær auðlindir sem í úrganginum felast, draga úr innflutningi á hvers konar jarðvegsbæti og áburði og draga úr losun gróðurhúsalofttegunda vegna flutninga og*

meðhöndlunar á úrgangi og vegna notkunar á eldsneyti og áburði. Þetta á sérstaklega við um sláturúrgang og aðrar dýraleifar, þ.m.t. dýrahræ. Sveitarfélögin eru sammála um að urðun úrgangs af þessu tagi skuli hætt og kappkostað að framleiða úr honum eins verðmæta vöru og mögulegt er að teknu tilliti til löggjafar um nýtingu dýraleifa. Í þessu sambandi leggja sveitarfélögin ríka áherslu á að afurðastöðvar og ríkisvaldið komi af fullum þunga til samstarfs um að koma meðhöndlun dýraleifa í viðunandi horf til framtíðar.

Frekari útfærsla á stefnu var útfærð í sjö undirköflum Sem var frekar skipt í 18 aðgerðir.

1. *Úrgangsforvarnir*
 - a. Kynningarátak um hringrásarhagkerfið
 - b. Lágmarkun umbúða
 - c. Kortlagning lífrænna hliðarafurða
 - d. Uppbygging innviða til úrgangsforvarna
2. *Söfnun og flokkun úrgangs*
 - a. Endurskipulagning úrgangsiláta við heimahús
 - b. Fjölgun grenndarstöðva
 - c. Söfnun glers, málma, textíls og spilliefna
 - d. Söfnun garðaúrgangs og ráðstöfun hans til endurvinnslu
3. *Uppbygging innviða*
 - a. Efling móttökustöðva
 - b. Jarðgerð á jaðarsvæðum
 - c. Nýting seyru
 - d. Úttekt á urðunarstöðum fyrir óvirkan úrgang
 - e. Áætlun um minnkandi umsvif urðunarstaðar í Stekkjarvík
4. *Samþykktir gjaldskrár og bókhald*
 - a. Samræming samþykhta um meðhöndlun úrgangs
 - b. Innleiðing BPHE
 - c. Endurbætt sundurliðun í bókhaldi
5. *Samningar við verktaka*
 - a. Samstarf um útboð o.fl.
6. *Útgáfa og kynning*
 - a. Bætt birting upplýsinga
7. *Vöktun eftirlit og endurskoðun*

Staða Aðgerða

Í samræmi við 2.7 kafla svæðis áætlunar hafa landshlutasamtökin það hlutverk að annast eftirlit með framvindu aðgerðaráætlunar.

Þessi samantekt er hugsuð sem greining á stöðu aðgerðaráætlunar í upphafi árs 2024 og tillaga til uppfærslu á einstaka aðgerðum ef þurfa þykir.

Úrgangsforvarnir

Stefna

Leitað verði allra leiða til að lágmarka myndun úrgangs

Markmið

- 1.1 Gott upplýsingaflæði
- 1.2 Samstarf við birgja um lágmarkun umbúða
- 1.3 Hámarksnýting lífrænna hliðarafurða
- 1.4 Sterkir innviðir sem stuðla að lágmarkun úrgangs

Aðgerðir

Kynningarátak um hringrásarhagkerfið

1. Kynningarátak um hringrásarhagkerfið

Lýsing: Efnt verður til sérstaks kynningarátaks um hringrásarhagkerfið fyrir íbúa Norðurlands og atvinnulífið á svæðinu með áherslu á mikilvægi góðrar nýtingar auðlinda. Undir þetta fellur m.a.:

- Umfjöllun um takmarkaðar auðlindir
- Umfjöllun um matarsóun, fatasóun og nægjusemi
- Umfjöllun um fæðuöryggi
- Umfjöllun um jarðvegseyðingu • Tengsl við eigin fjárhag Undir þetta fellur ekki:

- Fræðsla um rétta flokkun úrgangs

Aðferðir sem beitt verður í áttakinu verða mótaðar í samstarfi við markaðsstofur og auglýsingastofur, auk þess sem haft verður samráð við menntastofnanir, stéttarfélög og e.t.v. fleiri aðila.

Umsjón: SSNV og SSNE í samstarfi við einstök sveitarfélög, Umhverfisstofnun og Úrvinnslusjóð

Tímasetning: 2023

Árangursmælikvarðar: Umfang útgefins efnis og fundarhalda (Ekki er auðvelt að mæla árangur af verkefni af þessu tagi í tonnum úrgangs sem komið er í veg fyrir að myndist)

Tengsl við markmið á landsvísu: Stuðlar að minni úrgangsmyndun

Staða verkefnis: Ekki hafin

Hvað er búið að gera: Búið er að gera skoðun á hvaða kynningargögn eru til og möguleikum á samstarfi við umhverfisstofnun.

Hver eru næstu skref: Lagt er til að landshlutasamtök og sveitarfélög fylgist náið með verkefninu saman gegn sóun og tileinki sér það fræðslu efni sem mun verða búið til í því verkefni. Saman gegn sóun er að vinna að nýrri stefnu ríkisins og verður líklega útbúið efni þegar búið er að samþykkja hana.

Tillögur að uppfærslu verkefnis: Lagt er til að tímasetning verkefnisins verði uppfærð til 2025-2026

Lámörkun umbúða

2. Lágmrörkun umbúða

Lýsing:	Sent verður formlegt erindi til helstu birgja heimila og fyrirtækja á Norðurlandi með kynningu á þeim áherslum sveitarfélaganna á svæðinu sem fram koma í svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2023-2036, ásamt ósk um samstarf sem miðar að því að draga verulega úr umbúðanotkun.
Umsjón:	SSNV og SSNE í samstarfi við Umhverfisstofnun
Tímasetning:	2023
Árangursmælikvarðar:	Fjöldi erinda (Ekki er auðvelt að mæla árangur af verkefni af þessu tagi í tonnum úrgangs sem komið er í veg fyrir að myndist)
Tengsl við markmið á landsvísu:	Stuðlar að minni úrgangsmyndun
Fjármögnun:	Sveitarfélög

Staða verkefnis: Ekki hafin

Hvað er búið að gera: Aðgerðin er ekki hafið.

Hver eru næstu skref: Skilgreina hverjir eru helstu birgjar og fara í samstarf við viðeigandi sveitarfélög um að senda erindi.

Tillögur að uppfærslu verkefnis: Lagt er til að verkefnið verði fært til 2025 þegar búið er að innleiða nýtt fyrirkomulag sorphirðu.

Kortlagning lífrænna hliðarafurða

3. Kortlagning lífrænna hliðarafurða

Lýsing:	Í tengslum við áform um uppbyggingu líforkuvers á Norðurlandi eystra hefur Vistorka gert ítarlega greiningu á helstu straumum lífrænna hliðarafurða (lífræns úrgangs) á Norðurlandi. ² Leitað verður samstarfs við Vistorku um útvíkkun þessarar greiningar ef þörf verður talin á – og í framhaldinu efnt til funda með helstu framleiðendum og birgjum sem meðhöndla lífrænt efni, þ.m.t. sláturhúsum, fiskvinnslustöðvum, matvælavinnslum og dagvöruverslunum, með það að leiðarljósi að efla samstarf við þessa aðila og greina ónýtt tækifæri til bættrar nýtingar hliðarafurða og til framleiðslu nýrrar vöru í hverju tilviki um sig. Skoðað verður að ráða sérstakan starfskraft tímabundið til að aðstoða fyrirtækin við að finna bestu leiðirnar til að hámarka nýtingu þessa efnis.
Umsjón:	SSNV og SSNE í samstarfi við Vistorku
Tímasetning:	2023-2024
Árangursmælikvarðar:	Tilvist skriflegrar samantektar um framgang verkefnisins Breytingar á magni lífræns úrgangs til urðunar
Tengsl við markmið á landsvísu:	Stuðlar að bættri nýtingu auðlinda og minni úrgangsmýndun
Fjármögnun:	Landshlutasamtökin

Staða verkefnis: Hafin

Hvað er búið að gera: Í áframhaldandi vinnu við Líforkuver í Eyjafirði hefur verið gerð frekari greining á lífrænum hliðarafurðum frá búrekstri, og þá aðalega dýrahraja, og frá öðrum rekstraraðilum. Einnig er hafin vinna við greiningu á möguleikum til metan vinnslu og annarri nýtingu lífrænna efna. Miklir möguleikar eru í þeirri vinnu sem er í gangi í líforkuveri að efla nýtingu lífrænna hliðarafurða.

Hver eru næstu skref: Lagt er til að farið verði í samstarf við umhverfisstofnun að gera samsetningarkönnun á sorpi sem kemur til Stekkjarvíkur til urðunnar. Slík könnun gæfi hugmynd um hversu mikið er af lífrænum efnum í blönduðum úrgangi og hversu mikið af lífrænum efnum er að skrást sem annarskonar úrgangur. Slík könnun gæfi líka góða sýn á raun losunargildi CO₂ slíks úrgangs á þeim urðunarstað en stuðullinn er 0.82 í dag en var 1.2 fyrir síðustu uppfærslu.

Tillögur að uppfærslu verkefnis: Lagt er til að tímamörk verkefnis verði breyt í 2023-2027 í samræmi við mögulegan opnunartíma líforkuvers.

Uppbygging innviða til úrgangsforvarna

4. Uppbygging innviða til úrgangsforvarna

<i>Lýsing:</i>	Á grunni fyrirliggjandi greiningar á stöðu úrgangsmála á Norðurlandi verði byggðir upp innviðir á stærstu þéttbýlisstöðum til að stuðla að úrgangsforvörnum og betri nýtingu auðlinda. Verkefnið hefst á ítarlegri greiningu með aðstoð landshlutasamtakanna og í framhaldi verður tekin ákvörðun um staðsetningar og umfang. Undir innviði í þessu samhengi falla m.a.: • Efnislagerar þar sem hægt er að skila byggingarefni (t.d. steinefni, timbur), jarðefni (t.d. mold, sandur) o.fl. sem aðrir gætu nýtt og sækja efni sem aðrir hafa skilað. • Nytjamarkaðir þar sem seldir eru notaðir hlutir (t.d. húsgögn, heimilisáhöld) sem safnast hafa í nytjagáma á móttökustöðvum. • Viðhaldssmiðjur þar sem til staðar er aðstaða og eftir atvikum aðstoð til að gera við bilaða eða skemmda hluti (t.d. klæðnað, húsgögn, minni tæki) og lögð áhersla á félagslega samveru, auk viðgerðarvinnunnar.
<i>Umsjón:</i>	Einstök sveitarfélög í samstarfi við SSNV og SSNE
<i>Tímasetning:</i>	2023
<i>Árangursmælikvarðar:</i>	Tilvist lista yfir innviði sem byggðir hafa verið upp sem hluti af aðgerðinni. (Ekki er auðvelt að mæla árangur af verkefni af þessu tagi í tonnum úrgangs sem komið er í veg fyrir að myndist)
<i>Tengsl við markmið á landsvísu:</i>	Stuðlar að bættri nýtingu auðlinda og minni úrgangsmýndun
<i>Fjármögnun:</i>	Sveitarfélög

Staða verkefnis: Hafin

Hvað er búið að gera: Í stöðugreiningu fyrir svæðisáætlun var gert grein fyrir allri aðstöðu í eigu sveitarfélaganna. Því liggur fyrir efnismagn og hvaða aðstaða var til staðar 2021. Einnig hefur verið gerð létt könnun á hvaða aðstaða er til staðar í dag. Sveitarfélaögin eru að vinna að þessari aðgerð.

Fjallabyggð: Á Ólafsfirði er til staðar rauðakrossbúð en ekki er vitað til þess að það sé viðhaldssmiðja eða efnislagerar. Ekki hefur verið haldið utan um fjölda nytjamarkaða

Dalvíkurbyggð: Í Dalvík er til staðar rauðakrossbúð en ekki er vitað hver er staða viðhaldssmiðju eða efnislagera. Ekki hefur verið haldið utan um fjölda nytjamarkaða

Hörgársveit: Ekki er vitað til þess að í Hörgársveit séu til staðar nytjamarkaðir efnislagerar né viðhaldssmiðjur en bent hefur verið á aðstöðu inn á Akureyri.

Akureyri: Á Akureyri er til staðar rauðakrossbúð, amtsbókasafnið stendur fyrir skiptimörkuðum og er bæði nytjamarkaður og raftækjaviðgerðir í Fjölsmiðjunni. Ekki er vitað til þess að til staðar sé efnislager á Akureyri.

Eyjafjarðarsveit: Ekki er vitað til þess að það sé til staðar efnislager nytjamarkaður né viðhaldssmiðja í Eyjafjarðarsveit

Svalbarðsstrandarhreppur: Ekki er vitað til þess að á Svalbarðsströnd séu skiptimarkaðir efnislagerar eða viðhaldssmiðjur.

Grýtubakkahreppur: Ekki er vitað til þess að í Grýtubakkahreppi séu skiptimarkaðir efnislagerar eða viðhaldssmiðjur.

Þingeyjasveit: Ekki er vitað til þess að í Þingeyjasveit séu skiptimarkaðir efnislagerar eða viðhaldssmiðjur.

Norðurþing: Í Norðurþingi er Rauðakrossbúð og þar hafa verið haldnir skiptimarkaðir þar er ekki viðhaldssmiðja né efnislager

Langesbyggð: Í dag er ekki skiptimarkaður, viðhaldssmiðja né Efnislager í sveitarfélaginu en Langesbyggð hefum ráðist í það verkefni að stórbæta aðstöðu til úrgangsmeðhöndlunar á Þórshöfn þar sem hægt verður að skila öllu efni til flokkunar og endurvinnslu auk þess að vera viðhaldssmiðja og efnislager. Ekki er fyrirséð með fyrirkomulag skiptimarkaða.

Hver eru næstu skref: Lagt er til að næsta skref sé að sveitarfélögin geri tímasetta aðgerðaráætlun í samræmi mið aðgerðir svæðisáætlunar og hvernig þau sjá fram á að mæta þeim.

Tillögur að uppfærslu verkefnis: Lagt er til að tímasetning aðgerðarinnar verði uppfærð í samræmi við aðgerðaráætlanir veitarfélaganna þegar þær liggja fyrir.

Söfnun og flokkun úrgangs

Stefna

Söfnun og flokkun úrgangs á Norðurlandi uppfylli öll skilyrði laga og reglugerða og bestu mögulegu auðlindanýtingu.

Markmið

2

2.1 Árangursrík söfnun úrgangs, vönduð flokkun og lágmörkun tilkostnaðar

Aðgerðir

Endurskipulagning úrgangsíláta við heimahús

5. Endurskipulagning úrgangsíláta við heimahús

<i>Lýsing:</i>	Skípt verður um úrgangsilát við heimahús eftir því sem þörf krefur á hverjum stað til að uppfylla ákvæði laga nr. 55/2003 um sérstaka söfnun pappírs, plasts og lífúrgangs, þó með undantekningu í þeim sveitarfélögum sem nýtt geta grenndarstöðvar til söfnunar úrgangs frá heimilum (sbr. aðgerð 6). Þetta felur m.a. í sér að hægt þarf að vera að halda plasti aðskildu frá pappír og pappa í söfnuninni. Leitað verður leiða til að samræma fyrirkomulag söfnunar og útlit íláta milli sveitarfélaga á svæðinu eftir því sem kostur er. Í öllum tilvikum verður notast við samræmdar flokkunarmerkingar FENÚR (sbr. https://fenur.is/taknmyndabanki).
<i>Umsjón:</i>	Einstök sveitarfélög í samráði við SSNV og SSNE
<i>Tímasetning:</i>	Janúar-júní 2023
<i>Árangursmælikvarðar:</i>	Hlutfall heimila með fullnægjandi aðstöðu til söfnunar og flokkunar úrgangs.
<i>Tengsl við markmið á landsvísu:</i>	Stuðlar að hækkun endurvinnsluhlutfalls heimilisúrgangs og hækkun endurvinnsluhlutfalla fyrir einstaka flokka umbúðaúrgangs
<i>Fjármögnun:</i>	Sveitarfélög

Staða verkefnis: Hafin

Hvað er búið að gera: Sveitarfélögin eru öll með í undirbúningi eða búin að innleiða söfnun á fjórum flokkum við heima hús. Misjafnt er hvaða leiðir verða farnar í dreifbýli en í flestum tilvikum er sama þjónusta í þéttbýli og dreifbýli.

Fjallabyggð: Fjallabyggð bíður uppá ílát fyrir plast, pappír og pappa, lífúrgang og blandaðan úrgang við húsvegg. Núverandi fyrirkomulag uppfyllir kröfur laga.

Dalvíkurbyggð: Dalvíkurbyggð bíður uppá ílát fyrir plast, pappír og pappa, lífúrgang og blandaðan úrgang við húsvegg. Sama þjónusta er í þéttbýli og dreifbýli. Núverandi fyrirkomulag uppfyllir kröfur laga.

Hörgársveit: Hörgársveit bíður uppá þrjú ílát við heimili, endurvinnslu, lífúrgang og blandaðan úrgang við húsvegg í þéttbýli en ekki er safnað lífúrgang í dreifbýli. Núverandi fyrirkomulag uppfyllir ekki kröfur laga án undanþágu en fyrirhugaðar eru breytingar.

Akureyri: Akureyrarbær bíður uppá ílát fyrir lífrænt og blandaðan úrgang við húsvegg en bent er á að hægt er að fá tunnu undir endurvinnsluúrgang frá þjónustuaðila. Tekið er við plasti, pappa og pappír gleri og málum á grenndarstöðvum. Núverandi fyrirkomulag uppfyllir ekki kröfur laga án undanþágu. Fyrirhugaðar eru breytingar.

Eyjafjarðarsveit: Eyjafjarðarsveit bíður uppá ílát fyrir endurvinnsluefni, blandaðan úrgang og lífúrgang við húsvegg. Núverandi fyrirkomulag uppfyllir ekki kröfur laga án undanþágu. Endurskipulagning kerfisins er í vinnslu.

Svalbarðsstrandarhreppur: Svalbarðsstrandarhreppur bíður uppá ílát fyrir endurvinnslu, blandaðanúrgang og lífúrgang við húsvegg. Núverandi fyrirkomulag uppfyllir ekki kröfur laga án undanþágu. Fyrirkomulag söfnunar er í endurskoðun.

Grýtubakkahreppur: Grýtubakkahreppur bíður uppá ílát fyrir endurvinnsluefni blandaðan úrgang og lífúrgang við húsvegg. Núverandi fyrirkomulag uppfyllir ekki kröfur laga án undanþágu. Fyrirhugað er að aðskilja endurvinnsluefnið í pappír og pappa og plast. fyrirhugaðar breytingar mæta kröfum laga.

Pingeyjasveit: Pingeyjasveit bíður uppá ílát fyrir plast, pappír og pappa og blandaðan úrgang við húsvegg. Núverandi fyrirkomulag uppfyllir ekki kröfur laga um söfnun lífúrgangs í þéttbýli. Verið er að finna lausn á söfnun lífúrgangs í sveitarfélaginu.

Norðurþing: Norðurþing bíður uppá ílát fyrir plast, pappír og pappa, lífúrgang og blandaðan úrgang við húsvegg. Núverandi fyrirkomulag uppfyllir kröfur laga.

Langanesbyggð: Langanesbyggð býður uppá ílát fyrir Blandaðan úrgang og endurvinnslu. Núverandi söfnun standast ekki lög en fyrirhugaðar eru breytingar sem munu uppfylla kröfur.

Hver eru næstu skref: Lagt er til að sveitarfélögin geri tímasetta aðgerðaráætlun í samræmi við aðgerðir svæðisáætlunar og hvernig þau sjá fram á að mæta þeim. Sveitarfélögin eru í miðri vinnu við að uppfæra aðferðir við sorphirðu og er best að klára þá vinnu áður en árangur aðgerðarinnar er metin.

Tillögur að uppfærslu verkefnis: Lagt er til að tímamörk verkefnisins sé uppfærð til 2025 en þá ættu öll sveitarfélögin að hafa lokið skipulagsbreytingum.

Fjölgun grenndarstöðva

6. Fjölgun grenndarstöðva

<i>Lýsing:</i>	Unnin verður greining á mögulegri grenndarstöðvavæðingu sem komið gæti í stað söfnunaríláta við heimahús. Fyrsta skrefið yrði greining og staðarval fyrir grenndarstöðvar á smærri þéttbýlisstöðum, uppsetning slíkra stöðva þar sem það þykir henta og fjarlæging söfnunaríláta við heimahús. Tekið verður mið að sambærilegum verkefnum í öðrum sveitarfélögum innanlands og utan, fylgt algengum viðmiðum um hámarksfjarlægðir slíkra grenndarstöðva frá heimilum og haft náið samráð við Umhverfisstofnun til að tryggja að fyrirkomulagið samrýmist ákvæðum laga nr. 55/2003 með þeim breytingum sem taka gildi 1. janúar 2023.
<i>Umsjón:</i>	Einstök sveitarfélög í samráði við SSNV og SSNE og í samstarfi við Umhverfisstofnun
<i>Tímasetning:</i>	Janúar-júní 2023
<i>Árangursmælikvarðar:</i>	Skýrsla með niðurstöðum greiningar
<i>Tengsl við markmið á landsvísu:</i>	Stuðlar að hækkun endurvinnsluhlutfalls heimilisúrgangs og hækkun endurvinnsluhlutfalla fyrir einstaka flokka umbúðaúrgangs
<i>Fjármögnun:</i>	Sveitarfélög

Staða verkefnis: Hafin

Hvað er búið að gera: Sveitarfélögin eru öll með í undirbúningi eða búin að koma upp grenndarstöðvum í þéttbýli. Misjafnt er hvaða leiðir verða farnar í dreifbýli en í flestum tilvikum er sambærileg þjónusta í þéttbýli og dreifbýli þó vegalengdir séu lengri.

Fjallabyggð: Staðsettar eru tvær grenndarstöðvar í sveitarfélaginu þar sem tekið er við textíl, gleri og málmum ein á Siglufirði og önnur í Ólafsfirði með hámarks vegalengd að grenndarstöð 1000m. Hámarks vegalengd að grenndargám er nokkuð mikil til að teljast í nærumhverfi.

Dalvíkurbyggð: Á Dalvík þjónar endurvinnslustöð hlutverki grenndarstöðver.

Hörgársveit: Ekki eru til staðar grenndarstöðvar í sveitarfélaginu en fyrirhugað er að koma upp grenndarstöðvum í þéttbýli.

Akureyri: Akureyrarbær er með 11 grenndarstöðvar sem taka við tekið er við plasti, pappa og pappír gleri, málmum og textíl á grenndarstöðvum og er dreift um bæinn þar sem miðað er við að mesta vegalengd að grenndarstöð sé 500m. Akureyrarbær er að vinna í að efla grenndargámakerfið enn frekar.

Eyjafjarðarsveit: Ekki eru eiginlegar grenndarstöðvar í sveitarfélaginu en rekið er vaktað gámasvæði við hrafnagil sem tekur við helstu gerðum úrgangs.

Svalbarðsstrandarhreppur: Í sveitarfélaginu er að finna tvær grenndarstöðvar en þar eru gámar fyrir endurvinnsluúrgang blandaðanúrgang og lífúrgang. Fyrirkomulag er í endurskoðun. Bæta þarf við

Grýtubakkahreppur: Ekki eru til staðar grenndarstöð í sveitarfélaginu en fyrirhugað er að setja litla grenndarstöð í Grenivík.

Þingeyjasveit: Ekki eru til staðar grenndarstöðvar í sveitarfélaginu en það eru tveir gámavellir með viðveru starfsmanns.

Norðurþing: Norðurþing er með eina grenndarstöð í hverju þéttbýli fyrir Gler málma og textíl. Hámarks vegalengd að grenndarstöð á Húsavík er yfir 1000m

Langanesbyggð: Ekki eru til staðar grenndarstöðvar eins og staðan er í dag. Fyrirhugað er að reisa móttökustöð með möguleika á sólarhrings losun á gjaldfrjálsum endurvinnsluefnum.

Hver eru næstu skref: Lagt er til að næsta skref sé að sveitarfélögin geri tímasetta aðgerðaráætlun í samræmi við aðgerðir svæðisáætlunar og hvernig þau sjá fram á að mæta þeim. Sveitarfélögin eru í miðri vinnu við að uppfæra aðferðir við sorphirðu og er best að klára þá vinnu áður en árangur aðgerðarinnar er metin.

Tillögur að uppfærslu verkefnis: Lagt er til að tímamörk verkefnisins sé uppfærð til 2025 en þá ættu öll sveitarfélögin að hafa lokið skipulags breytingum.

Söfnun glers, málma, textíls og spilliefna

7. Söfnun glers, málma, textíls og spilliefna

Lýsing:	Komið verður upp aðstöðu í öllum sveitarfélögunum til sérstakrar söfnunar á gleri, málmum og textíl, í það minnsta í grenndargáma, þ.e. þar sem slík aðstaða er ekki þegar til staðar. Jafnframt verður komið á sérstakri söfnun á spilliefnum í nærumhverfi íbúa.
Umsjón:	Einstök sveitarfélög, hvert fyrir sig eða fleiri saman
Tímasetning:	Janúar-júní 2023

<i>Árangursmælikvarðar:</i>	Tilvist aðstöðu til söfnunar á gleri, málmum, textíl og spilliefnum
<i>Tengsl við markmið á landsvísu:</i>	Stuðlar að hækkun endurvinnsluhlutfalls heimilisúrgangs og styður við markmið laga nr. 55/2003 um að „skapa skilyrði fyrir myndun hringrásarhagkerfis“
<i>Fjármögnun:</i>	Sveitarfélög og Úrvinnslusjóður

Staða verkefnis: Hafði

Hvað er búið að gera: Sveitarfélögin eru öll með í undirbúningi eða búin að koma upp söfnun textíl málma og glers á grenndarstöðvum í þéttbýli. Misjafnt er hvaða leiðir verða farnar í dreifbýli en í flestum tilvikum er sambærileg þjónusta í þéttbýli og dreifbýli þó vegalengdir séu lengri.

Fjallabyggð: Söfnun á Textíl málmum og gleri fer framm á grenndarstöðvum

Dalvíkurbyggð: Á Dalvík fer söfnun textíls glest og málma fram á endurvinnslustöð sem er ófullnægjandi nema aðgengi sé að losun textíls, málma og glers sé allan sólarhringinn.

Hörgársveit: Söfnun Textíls málma og glers fer ekki fram í sveitarfélaginu en tekið er á móti því á gámasvæði Terra á Akureyri. Þetta fyrirkomulag er ófullnægjandi.

Akureyri: Akureyrarbær er tekið við plasti, pappa og pappír gleri, málmum og textíl á grenndarstöðvum

Eyjafjarðarsveit: Tekið er á móti textól málmum og gleri á vöktuðu gámasvæði við hrafnagil. Þetta er ófullnægjandi nema aðgengi að losun Textíls mála og glers sé allan sólarhringinn.

Svalbarðsstrandarhreppur: Móttaka textíls málma og glers fer frem á móttökusvæði á Svalbarðseyri þetta fyrirkomulag er ófullnægjandi nema aðgangur að losun málma textíls og glers sé allan sólarhringinn.

Grýtubakkahreppur: Ekki eru til staðar móttaka textíls málma og glers en fyrirhugað er að hefja þá söfnun með tilurð nýrrar grenndarstöðvar.

Þingeyjasveit: Söfnun textíls málma og glers fer fram á gá mavöllum sveitarfélagsins með viðveru starfsmanns. Þetta fyrirkomulag er ófullnægjandi og þarf að koma upp aðstöðu til móttöku málma glers og textíls í öllum þéttbílum sveitarfélagsins.

Norðurþing: Norðurþing tekur á mótu Málmum textil og gleri á Grenndarstöðvum sveitarfélagsins.

Langanesbyggð: Ekki er sérsöfnuná málmum gleri og textil í sveitarfélaginu í dag en fyrirhugað er að reisa móttökustöð með möguleika á sólarhrings losun á gjaldfrjálsum endurvinnsluefnum þar á meðal Málmum textíl og gleri.

Hver eru næstu skref: Lagt er til að næsta skref sé að sveitarfélögin geri tímasetta aðgerðaráætlun í samræmi við aðgerðir svæðisáætlunar og hvernig þau sjá fram á að mæta þeim. Sveitarfélögin eru í miðri vinnu við að uppfæra aðferðir við sorphirðu og er best að klára þá vinnu áður en árangur aðgerðarinnar er metin.

Tillögur að uppfærslu verkefnis: Lagt er til að tímamörk verkefnisins sé uppfærð til 2025 en þá ættu öll sveitarfélögin að hafa lokið skipulags breytingum.

8. Söfnun garðaúrgangs og ráðstöfun hans til endurvinnslu

<i>Lýsing:</i>	Hafin verður söfnun á garðaúrgangi í öllum sveitarfélögunum, en lífbrjótanlegur garðaúrgangur telst lífúrgangur skv. skilgreiningu laganna og slíkum úrgangi verður skylt að safna sérstaklega. Ekki er þó nauðsynlegt að safna garðaúrgangi innan lóðar, enda sé honum þá safnað á söfnunar- eða móttökustöð. Öllum garðaúrgangi sem safnast verður komið til endurvinnslu.
<i>Umsjón:</i>	Einstök sveitarfélög, hvert fyrir sig eða fleiri saman
<i>Tímasetning:</i>	Apríl-júlí 2023
<i>Árangursmælikvarðar:</i>	Garðaúrgangi safnað og hann færður til endurvinnslu
<i>Tengsl við markmið á landsvísu:</i>	Stuðlar að hækkun endurvinnsluhlutfalls heimilisúrgangs og styður við markmið laga nr. 55/2003 um að „skapa skilyrði fyrir myndun hringrásarhagkerfis“
<i>Fjármögnun:</i>	Sveitarfélög

Staða verkefnis: Ekki hafin.

Hvað er búið að gera: Í einhverjum tilvikum hafa sveitarfélögin boðið uppá móttöku á garðaúrgang. Almennu hefur sá garðaúrgang sem hefur verið safnað verið losaður á tippa og magn ekki skráð. Ekki er búið að taka saman stöðu söfnunar á garðaúrgangi umfram það sem kemur fram í stöðugreiningu úrgangsmála sem var fylgiskjal svæðisáætlunar.

Hver eru næstu skref: Lagt er til að sveitarfélögin hefji móttöku á garða úrgangi í gáma til að ná utan um magn þess efnis sem um ræðir. Einnig er lagt til að skoðaðar verði leiðir til að endurvinna greinar og gras á sem hagkvæmastan hátt og skoða möguleika á notkun í landgræðslu eða öðru sem gerir ekki mikla kröfu á vinnslu efnisins. Möguleikar eru á metan vinnslu með uppbyggingu líforkuvers í Eyjafirði fyrir nágretta sveitarfélög.

Tillögur að uppfærslu verkefnis: Lagt er til að tímaáætlun aðgerðar verði færð til 2026 en það er ekki raunhæft að klára aðgerð 2025.

Uppbygging innviða

Stefna

Sveitarfélögin á Norðurlandi, hvert um sig eða sameiginlega, verði sjálfum sér næg um innviði til móttöku, flokkunar, endurvinnslu, annarrar endurnýtingar og förgunar úrgangs, að því marki sem það telst hagkvæmt og í samræmi við áherslur hringrásarhagkerfisins

Markmið

3

3.1 Sterkir innviðir fyrir meðhöndlun úrgangs

Aðgerðir

Efling móttökustöðva

9. Efling móttökustöðva

<i>Lýsing:</i>	Gerð verður greining á aðstöðu til móttöku úrgangs í einstökum sveitarfélögum á Norðurlandi og gerð áætlun um úrbætur með það að leiðarljósi að enginn úrgangur verði fluttur út af svæðinu án þess að hann hafi verið flokkaður, aðskilinn og tættur þannig að endanlegt magn blandaðs úrgangs verði í algjöru lágmarki og að rúmmál þess sem eftir stendur verði sem minnst. Í þessari greiningu verður sérstaklega hugað að þeim möguleikum sem liggja í betri sundurgreiningu á grófum úrgangi (t.d. byggingarúrgangur, húsgögn, dýnur), þannig að í stað þess að flytja þessa úrgangsflokka af svæðinu verði úrgangurinn aðskilinn í efnisflokka (t.d. steinefni, timbur, málmar, plast, textílefni) sem annað hvort fara í vinnslu á svæðinu eða verða fluttir þaðan aðskildir til vinnslu annars staðar. Þá þarf að tryggja að á öllum móttökustöðvum sé aðstaða til að taka við byggingar- og niðurrifsúrgangi sem flokkaður hefur verið í eftirfarandi flokka: Spilliefni, timbur, steinefni, málmar, gler, plast og gífs.
<i>Umsjón:</i>	SSNV og SSNE í samstarfi við einstök sveitarfélög
<i>Tímasetning:</i>	2023
<i>Árangursmælikvarðar:</i>	Tilvist skriflegrar greiningar á aðstöðu til móttöku úrgangs
<i>Tengsl við markmið á landsvísu:</i>	Stuðlar að hækkun endurvinnsluhlutfalls heimilisúrgangs og lágmörkun förgunar
<i>Fjármögnun:</i>	Sveitarfélög

Staða verkefnis: Ekki hafin

Hvað er búið að gera: ekki er búið að gera frekari greiningu en stöðuggreiningu svæðisáætlunar

Hver eru næstu skref: Lagt er til að Gerð verður úttekt á aðstöðu í eigu sveitarfélaganna til móttöku og flokkunar. Einnig væri gott að leifa sveitarfélögunum að klára endur skipulag sönnunnar.

Tillögur að uppfærslu verkefnis: Lagt er til að lokadagsetning verkefnis verði fært til 2025

Jarðgerð á jaðarsvæðum

10. Jarðgerð á jaðarsvæðum

Lýsing:	Unnin verður greining á tæknilegum, umhverfislegum og fjárhagslegum kostum þess og göllum að koma upp aðstöðu til jarðgerðar eða annarrar úrvinnslu lífræns úrgangs í smáum stíl (<1000 tonn/ár) í byggðarlögum vestast og austast á Norðurlandi. Greiningin mun m.a. fela í sér samanburð á fýsileika slíkrar jarðgarðar annars vegar og miðlægari jarðgerðar hins vegar, svo sem með tilliti til flutningskostnaðar og kolefnisspors, m.a. með hliðsjón af niðurstöðum frumhagkvæmnimats líforkuvers til úrvinnslu lífræns úrgangs á Norðurlandi eystra. ³ Tekið verður mið af reynslu annarra svæða (svo sem í Noregi) af rekstri slíkrar aðstöðu.
Umsjón:	SSNV og SSNE í samstarfi við hlutaðeigandi sveitarfélög
Tímasetning:	2023
Árangursmælikvarðar:	Tilvist skriflegrar greiningar á möguleikum til úrvinnslu lífræns úrgangs í smáum stíl
Tengsl við markmið á landsvísu:	Stuðlar að bættri nýtingu auðlinda, hækkun endurvinnsluhlutfalls og lágmörkun förgunar
Fjármögnun:	Landshlutasamtökin

Staða verkefnis: Hafin

Hvað er búið að gera: Búið er að halda kynningar fundi og fræðslu erindi um hvaða möguleikar eru í boði. Langanesbyggð er að skoða möguleika á opinni moltugerð og Þingeyjasveit er að skoða frekar hvað möguleikar eru í boði. Ekki var farið í formleg greiningu á þessu stigi

Hver eru næstu skref: Lagt er til að þeim sveitarfélögum sem eru að þreifa sig áfram að vinna sig að niðurstöðu og veita þeim stuðning þar sem það á við.

Tillögur að uppfærslu verkefnis: Lagt er til að lokadagsetning aðgerðarinnar verði færð til 2025

Nýting seyru

11. Nýting seyru

Lýsing:	Komið verður upp aðstöðu til að nýta alla seyru sem til fellur á Norðurlandi sem næst upprunastað til landgræðslu eða á annan hátt í stað þess að farga henni í gryfjum eða með öðrum hætti. Til dæmis mætti horfa til fordæmis sveitarfélaga í uppsveitum Suðurlands hvað þetta varðar (Saurbær á Flúðum).
Umsjón:	SSNV og SSNE í samstarfi við einstök sveitarfélög
Tímasetning:	2023
Árangursmælikvarðar:	Tilvist aðstöðu til móttöku og nýtingar á seyru

<i>Tengsl við markmið á landsvísu:</i>	Stuðlar að bættri nýtingu auðlinda, styður við markmið um samdrátt í urðun og nýlist sem undirbúningur fyrir fyrirhugað bann við urðun lífræns úrgangs.
<i>Fjármögnun:</i>	Sveitarfélög

Staða verkefnis: Vinna við aðgerð er ekki hafin

Hvað er búið að gera: ekki er búið að vinna greiningu umfram það sem kemur fram í stöðumati svæðisáætlunar. fyrirhugað er möguleiki að taka seyru í metanvinnlu líforkuvers þegar framlíða stundir.

Hver eru næstu skref: Lagt er til að gerð verði samantekt á magni seyru sem er safnað í hverju sveitarfélagi og hvert hún fer. Einnig væri gott að fara í samstarf við land og skóg og skilgreina möguleg uppgræðsusvæði sem hægt er að not en ýmsar takmarkanir eru um meðhöndlun á seyru og notkun á landi. Einng þarf að skoða frekar hvernig hægt sé að nýta næringarefni seyru í landbúnaði.

Tillögur að uppfærslu verkefnis: Lagt er til að lokadagsetning verkefnis verði færð til 2025

Úttekt á urðunarstöðum fyrir óvirkan úrgang

12. Úttekt á urðunarstöðum fyrir óvirkan úrgang

<i>Lýsing:</i>	Unnin verður greining á tæknilegum, umhverfislegum og fjárhagslegum kostum þess og göllum að koma upp litlum urðunarstöðum fyrir óvirkan úrgang (steypubrot, keramik, moldarlaus jarðvegur og annað sem ekki tekur breytingum eðlisfræðilega eða efnafræðilega) á 3-4 stöðum á Norðurlandi, með það að leiðarljósi að slíkur úrgangur verði ekki fluttur um langan veg (t.d. >100 km) milli byggðarlaga og verði ekki urðaður á urðunarstöðum fyrir blandaðan úrgang. Hluti af þessari greiningu verður að kortleggja svokallaða jarðvegstippa sem starfræktir eru á nokkrum stöðum með eða án starfsleyfis frá heilbrigðisnefnd, með sérstakri áherslu á þær skilgreiningar úrgangsflokka sem liggja að baki starfsleyfum og á muninn á jarðvegstippum annars vegar og urðunarstöðum fyrir óvirkan úrgang hins vegar.
<i>Umsjón:</i>	SSNV og SSNE í samráði við Umhverfisstofnun
<i>Tímasetning:</i>	2023
<i>Árangursmælikvarðar:</i>	Tilvist skriflegrar greiningar á aðstöðu til urðunar óvirks úrgangs á Norðurlandi
<i>Tengsl við markmið á landsvísu:</i>	Styður við loftslagsmarkmið stjórnvalda
<i>Fjármögnun:</i>	Landshlutasamtökin

Staða verkefnis: Hafin

Hvað er búið að gera: Gerð var gróf samantekt á staðsetningu urðunnarstaða fyrir óvirkan úrgang eða móttökustaður fyrir óvirkan úrgang til vinnslu til endurnýtingar. Móttaka er fyrir óvirkan úrgang á Akureyri þar sem hann er unnin þannig að hann nýtist sem fyllingarefni eða bætingarefni í vegagerð eða byggingariðnað. Urðunnarstaður er fyrir óvirkan úrgang í Laugardal við Húsavík. Þar að auka geta urðunnarstaðir á Kópaskeri og Bakkafirði tekið við óvirkum úrgangi en þeir eru báðir í fullri nýtingu fyrir annan úrgang.

Hvað er lagt til að séu næstu skref: Núverandi staðsetning er fullnægjandi miðavið markmið um 100km en urðunnarstaðir á Kópaskeri og Bakkafirði eru sprungnir og því þarf að koma upp öðru móttökuúræði á austurvæði

Langanesbyggð er með það til skoðunar að koma upp urðunnarstað fyrir óvirkan úrgang. Gera þarf samantekt á staðsetningu á jarðvegstippum og hvaða efni og magni er verið að losa í þá.

Tillögur að uppfærslu verkefnis: Lagt er til að lokadagsetning aðgerðar verði færð til 2025

Áætlun um minnkandi umsvif urðunarstaðar í Stekkjarvík

13. Áætlun um minnkandi umsvif urðunarstaðar í Stekkjarvík

<i>Lýsing:</i>	Unnin verður sérstök áætlun um minnkandi umsvif urðunarstaðar Norðurá bs. í Stekkjarvík, með það að leiðarljósi að urðun þar dragist saman jafnt og þétt á næstu 15 árum. Höfð verður sérstök hliðsjón af því markmiði stjórnvalda að árið 2035 fari til urðunar að hámarki 10% af þeim heimilisúrgangi sem til fellur.
<i>Umsjón:</i>	Norðurá bs. í samstarfi við SSNV og í samráði við Umhverfisstofnun
<i>Tímasetning:</i>	2025
<i>Árangursmælikvarðar:</i>	Tilvist skriflegrar áætlunar um minnkandi umsvif
<i>Tengsl við markmið á landsvísu:</i>	Stuðlar að bættri nýtingu auðlinda og lágmörkun förgunar
<i>Fjármögnun:</i>	Norðurá bs.

Staða verkefnis: Ekki hafið

Hvað er búið að gera: Verkefnið er ekki hafið

Hver eru næstu skref: Lagt er til að aðgerð verði vísað til Norðurá bs.

Tillögur að uppfærslu verkefnis: Engar breytingar eru lagðar til á þessu stigi.

Samþykktir, gjaldskrár og bókhald

Stefna

Sveitarfélögin á Norðurlandi uppfylli kröfur úrgangslöggjafarinnar, annars vegar um að létta öllum kostnaði vegna meðhöndlunar úrgangs af skattgreiðendum og skipta honum þess í stað á milli úrgangshafa og hins vegar um að miða gjaldtökuna við magn úrgangs í stað fastrar álagningar á hverja íbúðareiningu, auk þess sem nýtt verði heimild til að leggja hlutfallslega hærra gjald á blandaðan úrgang til að létta kostnaði sem mest af þeim sem flokka úrganginn sinn vel

Markmið

4

4.1 Samræmdar samþykktir um meðhöndlun úrgangs

4.2 Réttlát og lögmæt gjaldtaka fyrir söfnun og aðra meðhöndlun úrgangs **Aðgerðir**

Samræming samþykktu um meðhöndlun úrgangs

14. Samræming samþykktu um meðhöndlun úrgangs

Lýsing: Ráðist verður í sameiginlega heildarendurskoðun samþykktu um meðhöndlun úrgangs fyrir öll sveitarfélög á Norðurlandi með það að leiðarljósi að samþykktirnar endurspegli áherslur hringrásarhagkerfisins um bættu nýtingu auðlinda og þær lagabreytingar sem tóku gildi 1. janúar 2023, stuðli að samræmingu á fyrirkomulagi sérstakrar söfnunar, feli í skýr ákvæði um skyldu einstaklinga og lögaðila til að flokka úrgang og myndi grunn fyrir gjaldskrár í anda meginreglunnar um BÞHE („Borgað þegar hent er“). Afrakstur verkefnisins verði 3-4 útgáfur af samþykktum sem einstök sveitarfélög geta valið á milli og aðlagð, hvort sem þau kjósa að setja sér eigin samþykkt eða ákveða að sama samþykkt taki til tveggja eða fleiri sveitarfélaga.

Umsjón: SSNV og SSNE í samstarfi við einstök sveitarfélög og eftir atvikum byggðasamlög

Tímasetning: 2023

Árangursmælikvarðar: Tilvist þriggja til fjögurra fyrirmýnda að samþykktum

Tengsl við markmið á landsvísu: Styður við markmið laga nr. 55/2003 um að „skapa skilyrði fyrir myndun hringrásarhagkerfis“

Fjármögnun: Landshlutasamtökin

Staða verkefnis: Hafð

Hvað er búið að gera: búið er að vinna ýtarlegan grunn að samþykkt sem sveitarfélögin geta aðlagð eigin skipuriti og aðstæðum. Samþykktin tekur mið af nýjum kröfum laga og markmiðum svæðisáætlunar og kemur inná mismunandi áskoranir sveitarfélagana. Sveitarfélögin geta síðan tekið út kafla eða málsgreinar sem eiga ekki við í þeirra sveitarfélagi

Hvað er lagt til að séu næstu skref: Sveitarfélögin eru í miðri á í skipulags breytingum í sorppjónustu og er hluti af því að taka upp samþykktir um meðhöndlun úrgangs. Þeim er frjálst að nýta það skema sem við höfum lagt upp fyrir þau eitt eða fleiri saman.

Tillögur að uppfærslu verkefnis: Lagt er til að lokadagsetning aðgerðar verði færð til

2025 en þá er raunhæft að öll sveitarfélögin hafi endurnýjað sínar samþykktir

Innleiðing BÞHE

15. Innleiðing BÞHE

Lýsing:

Ráðist verður í sameiginlega heildarendurskoðun gjaldskráa fyrir meðhöndlun úrgangs fyrir öll sveitarfélög á Norðurlandi með það að leiðarljósi að tekið verði upp gjaldtökukerfi í anda meginreglunnar um BÞHE („Borgað þegar hent er“), sbr. ákvæði 23. gr. laga um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003, sem tóku gildi 1. janúar 2023. Afrakstur verkefnisins verði 3-4 útgáfur af gjaldskrá sem einstök sveitarfélög geta valið á milli og aðlagð. Þessar útgáfur byggja á niðurstöðum yfirstandandi verkefnis Samband íslenskra sveitarfélaga innan ramma átaksins „Samtaka um hringrásarhagkerfið“. Gert verði ráð fyrir að gjaldtaka vegna móttöku dýrahreja byggja á fjölda skráðra gripa skv. skýrslum Matvælastofnunar. Jákvæð mismunun vegna gjaldtöku fyrir flokkað úrgang verður innbyggð í gjaldskrárnar.

Umsjón:

SSNV og SSNE í samstarfi við einstök sveitarfélög og eftir atvikum byggðasamlög 2023

Tímasetning:

Árangursmælikvarðar:

Tilvist þriggja til fjögurra fyrirmýnda að gjaldskrá

Tengsl við markmið á landsvísu:

Styður við markmið stjórnvalda um tengsl gjaldtöku við magns úrgangs

Fjármögnun:

Landshlutasamtökin

Staða verkefnis: Hafin.

Hvað er búið að gera: búið er að vinna ýtarlegan grunn að gjaldskrá sem sveitarfélögin geta aðlagð eigin þjónustu og aðstæðum. Gjaldskráin tekur mið af nýjum kröfum laga og markmiðum svæðisáætlunar og kemur inná mismunandi áskoranir sveitarfélagana. Sveitarfélögin geta síðan tekið út kafla eða gjaldliði sem eiga ekki við í þeirra sveitarfélagi

Hver eru næstu skref: Sveitarfélögin eru í miðri á í skipulags breitingum í sorppjónustu og er hluti af því að taka upp gjaldskrá úrgangs þjónustu. Þeim er frjálst að nýta þann grunn sem við höfum lagt upp fyrir þau eitt eða fleiri saman.

Tillögur að uppfærslu verkefnis: Lagt er til að lokadagsetning aðgerðar verði færð til

2025 en sveitarfélögin ættu að haf uppfært gjaldskrár um áramót 2024-2025

Endurbætt sundurliðun í bókhaldi

16. Endurbætt sundurliðun í bókhaldi

<i>Lýsing:</i>	Vakin verður athygli ráðuneytis sveitarstjórnarmála og Sambands íslenskra sveitarfélaga á mikilvægi þess að hugtakanotkun í bókhaldi sveitarfélaga sé í samræmi við skilgreiningar í lögum um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003, með síðari breytingum, svo og að tryggja sem best samræmi í því hvernig sveitarfélög skrá kostnað vegna úrgangsmála og hvernig sá kostnaður er sundurliðaður.
<i>Umsjón:</i>	SSNV og SSNE
<i>Tímasetning:</i>	2023
<i>Árangursmælikvarðar:</i>	Erindi sent til ráðuneytis sveitarstjórnarmála og Sambands íslenskra sveitarfélaga
<i>Tengsl við markmið á landsvísu:</i>	Styður við markmið stjórnvalda um tengsl gjaldtöku við magn úrgangs og stuðlar að bættri hugtakanotkun í samræmi við lög nr. 55/2003
<i>Fjármögnun:</i>	Landshlutasamtökin

Staða verkefnis: Ekki hafin

Hvað er búið að gera: Vakin hefur verið athigli á mikilvægi þess að samræmi sé í fjármálum úrgangs meðhöndlunar á milli sveitarfélaga en ekki hefur verið sent formlegt erindi þess efnis.

Hvað er lagt til að séu næstu skref: Sveitarfélögin eru í skipulags breytingum á sorppjónustu. hluti þess verkefnis er að endurskoða gjaldskrá og skilyrði á gagnsæi í fjármálum sorpsþjónustu. Lagt er til að eftir fyrstu birtingu á heimasíðu sveitarfélaganna verði gerð samantekt á hugtakanotkun og samræmi við bókun kostnaðarliða.

Tillögur að uppfærslu verkefnis: Lagt er til að lokadagsetning aðgerðar verði færð til 2025

Samningar við verktaka

Stefna

Sveitarfélögin á Norðurlandi skapi góða yfirsýn yfir verkaskiptingu í úrgangsmálum á milli sveitarfélaga og verktaka

Markmið

5.1 Ábyrg samningagerð

Aðgerðir

Samstarf um útboð o.fl.

17. Samstarf um útboð o.fl.

Lýsing:

Gerð verður greining á stöðu samninga einstakra sveitarfélaga við þjónustuaðila og ráðist í gerð sameiginlegra útboðsgagna fyrir þau sveitarfélög sem geta nýtt sér það, hvort sem þau standa sameiginlega að útboði eður ei. Við vinnslu útboðsgagnanna verði tekið mið af niðurstöðum yfirstandandi verkefnis Samband Íslenskra sveitarfélaga innan ramma átaksins „Samtaka um hringrásarhagkerfið“ og þess sérstaklega gætt að:

- Gögnin endurspegli áherslur hringrásarhagkerfisins og lagakröfur um sersöfnun úrgangs.
- Gögnin falli vel að gjaldtöku skv. BÞHE.
- Flutningskostnaður verði sem minnstur.
- Svigrúm sé veitt til nýsköpunar, með því að leggja fremur áherslu á markmið en tæknilegar útfærslur.
- Sveitarfélögin njóti góðs af fjármögnun Úrvinnslusjóðs vegna sérstakrar söfnunar úrgangs sem fellur undir lagaákvæði um framlengda framleiðendaábyrgð, en skv. gr. 24a í lögum um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003, með þeim breytingum sem tóku gildi 1. janúar 2023, skal þessi fjármögnun „standa straum af kostnaði við sérstaka söfnun, sbr. 10. gr., sem og aðra söfnun úrgangsins eftir atvikum og meðhöndlun hans og kostnaði við upplýsingasöfnun, upplýsingaskil og upplýsingagjöf“.
- Gerð sé krafa um fullnægjandi skil magnupplýsinga til sveitarfélaganna.

Hluti af greiningunni verður athugun á kostum þess og göllum að sveitarfélögin sjálf, hvert um sig eða fleiri í samvinnu, svo sem með aðkomu byggðasamlaga, annist úrgangspjónustuna sjálf í stað þess að semja við verktaka um helstu þætti hennar. Í þessari athugun verður tekið mið af reynslu annarra sveitarfélaga, svo sem sveitarfélaga í Rangárvallasýslu, af þessu fyrirkomulagi.

Umsjón:

SSNV og SSNE í samstarfi við einstök sveitarfélög og eftir atvikum byggðasamlög

Tímasetning:

2023

Árangursmælikvarðar:

Skýrsla með helstu niðurstöðum og drög að útboðsgögnum

Tengsl við markmið á landsvísu:

Styður við markmið laga nr. 55/2003 um að „skapa skilyrði fyrir myndun hringrásarhagkerfis“

Fjármögnun:

Landshlutasamtökin

Staða verkefnis: í bið

Hvað er búið að gera: Í upphafi verkefnisins var gerð óformleg könnun á vilja sveitarfélaga til að vinna saman að gerð útboðsgagna. Vilji til samstarfs var misjafn og ákváðu sveitarfélögin hvert fyrir sig hvort þau vildu vera í samstarfi um gerð útboðsgagna og hversu mikið samstarfið yrði. Ákveðið var því að biðja með framkvæmd þessarar aðgerðar og taka hana upp að nýju eftir 3-5 ár þegar kemur að næstu útboðshrinu þegar reynsla er komin á nýtt kerfi og tími gefst til góðrar ígrundunnar.

Hvað er lagt til að séu næstu skref: Lagt er til að unnið verði að gagnasöfnun útboðs og samtal og vinna verði gerð í tíma þannig að sveitarfélögin séu betur undirbúin í samtal um frekara samtarf.

Tillögur að uppfærslu verkefnis: Lagt er til að lokadagsetning aðgerðar verði færð til 2030 en raunhæft er að taka þetta upp fyrir næstu útboðshrinu eftir 5 ár.

Útgáfa og kynning

Stefna

Sveitarfélögin á Norðurlandi verði til fyrirmyndar á Íslandi varðandi birtingu upplýsinga um úrgangsmál

Markmið

6

6.1 Skilvirk og skiljanleg miðlun upplýsinga um úrgangsmál til íbúa og rekstraraðila

Aðgerðir

Bætt birting upplýsinga

18. Bætt birting upplýsinga

<i>Lýsing:</i>	Vefsíður allra sveitarfélaga á Norðurlandi verða uppfærðar þannig að þar komi fram árlegar upplýsingar um innheimt gjöld og sundurliðun á raunkostnaði vegna úrgangsmála, svo og upplýsingar um ráðstöfun þess úrgangs sem safnað er á vegum sveitarfélagsins:
<i>Umsjón:</i>	Einstök sveitarfélög í samráði við SSNV og SSNE
<i>Tímasetning:</i>	2023
<i>Árangursmælikvarðar:</i>	Uppfærðar vefsíður með aðgengilegum upplýsingum um framkvæmd og fjármögnun úrgangsstjórnunar
<i>Tengsl við markmið á landsvísu:</i>	Styður við markmið laga nr. 55/2003 um að „skapa skilyrði fyrir myndun hringrásarhagkerfis“
<i>Fjármögnun:</i>	Sveitarfélög


Hvað er búið að gera: Þetta verkefni liggur hjá sveitarfélögunum en ekkert sveitarfélag hefur uppfært heimasíðu og gert grein fyrir fjármálum úrgangsmeðhöndlunar né afdrif úrgangs. Það má gera ráð fyrir að þessi vinna sé í vinnslu samhliða endurskipulagningu úrgangsmála.

Hvað er lagt til að séu næstu skref: Lagt er til að samhliða yfirferð fjármála 2024 verði sérstaklega gert grein fyrir lið 08200 sorphirða í ársreikning sveitarfélaga og hann birtur á vef sveitarfélaganna.

Tillögur að uppfærslu verkefnis: Lagt er til að lokadagsetning aðgerðar verði færð til 2025

Viðauki 3

Viðauki 4



Áætlunin er miðuð við að á sviði umhverfis-, loftslags- og hreinlætismála séu sorphirða og önnur úrgangspjónusta. Einnig er starf deildarstjóra ætlað til íhlaupa við verkefni sem kunna að skapast við almennan rekstur móttökustöðar, s.s. afgreiðslu og þjónustu við viðskiptavinum á opnunartíma og afleysingu vegna óvæntra forfalla annara starfsmanna til að halda uppi auglýstri þjónustu, auk almennra verkefnastjórnunar á sviði umhverfismála. Gert er ráð fyrir verktöku við sorphirðu sem fram fer á bíl í eigu sveitarfélagsins auk þess að starfsmenn móttökustöðvar annast einnig að hluta til hirðingu eða að öllu leyti eftir atvikum. Flutingur á endurvinnsluefnum og þeim úrgangi sem þarf að fara frá sviðarfélaginu til loka meðhöndlunar verður í tilboðum eftir því sem úrgangur safnast í hagkvæmar stærðareiningar, eða eftir atvikum alla flutninga ftir verðkönnun. Allar rekstar tölur eru með vsk. og námundað að tugþúsundum.

Athugið að ekki er gert ráð fyrir vaxtabyrgði, afborgunum, innri leigu eða afskriftum.

Að því tilliti teknu er auðséð að tekjur og gjöld fara ekki saman í þessari áætlun, enda aðeins um drög að ræða og einfalda áætlun.

Efnisyfirlit

Launuð störf við úrgangspjónustu	53
Rekstur móttökustöðvar við Háholt 4	53
Grendarstöðvar.....	53
Sorphirða.....	54
Lífrænn úrgangur.....	54
Rekstur urðunarstaða.....	54
Samantekt gjaldliða	55
Áætlaðar rekstartekjur.....	55
Samantekt tekjuliða	56

Launuð störf við úrgangspjónustu

(áætlun með launatengdum gjöldum)

Deildarstjóri umhverfis- loftslags- og hreinlætissviðs: 15.000.000 kr.

Almennur starfsmaður úrgangsmála: 10.200.000 kr.

Opnunartími móttökustöðvar er áætlaður frá 11:00 til kl. 16:00 alla virka daga en grenndarstöðvar eru með sólarhrings opnun. Móttökustöð verður að grenndarastöð við lúgur á hlið móttökustöðvar og því auðvelt að takmarka opnun á móttökustöð. Mönnun er deildarstjóri ásamt starfsmanni. Starfsmaður getur einnig þjónustað grenndarstöðvar út frá móttökustöð. Ekki er sértaklega greint á milli starfa deildarstjóra við úrgangsvinnu eða annara umhverfis- orku og loftslagsþátta og gert er ráð fyrir betri greiningu við starfsþróun.

Rekstur móttökustöðvar við Háholt 4

(Ársgrundvöllur)

Viðhald fasteigna (1% af fjárfestingu): 2.500.000 kr.

Húshitun og rafmagn: 1.900.000 kr.

Viðhald búnaðar (10% af fjárfestingu): 2.000.000 kr.

Grenndarstöðvar

Gert er ráð fyrir að umsjón og eftirliti verði sinnt frá móttökustöð á opnunartíma og utan hans fyrir hádegi á virkum dögum og því ekki um auka verktöku að ræða. Áætlað er að þjónusta grenndarstöðvar eftir þörfum og ráð fyrir gert að pappagámur sé sóttur einu sinni í mánuði og annar úrgangur eftir þörfum. Eftirliti sinnt um leið og sóttur er lífrænn úrgangur.

Rekstur grenndastöðvar við Laxá, Svalbarð og Ormarsá 1.500.000 kr.

Rekstur grenndastöðvar á Bakkafirði 2.500.000 kr.

Sorphirða

Mönnun á sorphirðu er í verktöku við þéttbýli og gert er ráð fyrir að hirða tvo flokka í hverri ferð á þriggja vikna fresti. Þá er pappi sóttur í hvert skipti en almennt og plast á víxl (6 vikna fresti). 6 klukkustundir fara í hverja hirðingu (4 á Þórshöfn og 2 á Bakkafirði að meðaltali). Hirðing í dreifbýli verður í höndum starfsmanna móttökustöðvar. Ekki er gert ráð fyrir kostnaði við úrvinnslu sem fram fer í móttökustöð og við urðun, en felst í launum starfsmanna. Verktaka gerir ráð fyrir 7600+vsk í verktakagreiðslur.

Verktaka og vinna við sorphirðu 3.000.000 kr.

Rekstur sorphirðubíls (310 kr./km) 2.160.000 kr.

Viðhald á tunnum og öðrum búnaði: 200.000 kr.

Lífrænn úrgangur

Gert er ráð fyrir að taka upp rekstur á moltuvél og samsöfnun fari fram í fötum við hvert heimili. Hirðing fer fram einu sinni í viku í hverju hverfi og er sinnt af starfsmanni móttökustöðvar á opnunartíma. Notast er við vinnubíl og miðað er við tvær 4.ltr. fötur við hvert heimili á viku.

Rekstur á moltuvél m/viðhaldi á fötum og viðlegubúnaði: 950.000 kr.

Rekstur á vinnubíl 250.000 kr.

Rekstur urðunarstaða

Gert er ráð fyrir að urðun muni dragast verulega saman við tilkomu nýrrar móttökustöðvar og aðskilnaðar við lífrænan úrgang. Einnig mun „rekstarúrgangur“ fá flokkunarmeðferð til að draga úr úrgangi.

Verktaka við urðun 4.100.000 kr.

Eftirlit og rannsóknir 1.000.000 kr.

Samantekt gjaldliða

Liður	Gjöld
Laun	25.200.000 kr.
Sorphirða	5.360.000 kr.
Háholt 4	4.150.000 kr.
Grenndarstöðvar	4.000.000 kr.
Lífrænt	1.200.000 kr.
Urðunarstaðir	5.100.000 kr.
Samtals	45.010.000 kr.

Áætlaðar rekstrategjur

Þá munu rekstrategjur frá fyrirtækjum og öðrum en heimilum vera varlega áætlaðar og miðað er við sambærilegan rekstur og úrgangstölur úrvinnslusjóðs.

Gjaldkrárbreytingar taka mið af nærliggjandi sveitarfélögum og Sorpsamlagi Strandamanna, en þar má finna rekstur sem er álíka í umfangi og umferð og á við í Langanesbyggð. Öll þjónusta er boðin lögaðilum og gert er ráð fyrir að 90% markaðshlutdeild.

Áætlaðar tekjur af sorphirðu 19.200.000 kr.

Áætlaðar tekjur af „rekstarúrgangi“ fyrirtækja og annara aðila 11.000.000 kr.

Áætlaðar tekjur frá móttökustöð við losun frá heimilum 4.500.000 kr.

Áætlaðar tekjur frá Úrvinnslusjóði 4.000.000 kr.

Aðrar áætlaðar tekjur 2.000.000 kr.

Samantekt tekjuliða

Liður	Tekjur
Sorphirða	19.200.000 kr.
Móttökustöð	15.500.000 kr.
Aðrar tekjur	6.000.000 kr.
Samtals	40.700.000 kr.

Af þessu gefnu verður tap rúmar fimm milljónir en það skal athugast að ekki hefur verið tekið tillit til annara starfa launamanna utan úrgangsvinnslu.

Gjaldskrá

Sorphirða og sorpeyðing í Langesbyggð

Gjaldskrá fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Langesbyggð

1. gr.

Sveitarstjórn Langesbyggðar er heimilt að innheimta gjald fyrir alla meðhöndlun úrgangs, **sbr. 00. gr. samþykktar nr. 000/2026** um meðhöndlun úrgangs í Langesbyggð. Gjaldið skal lagt á allar íbúðir sem birtar eru í fasteignamati, aukaíbúðir í húsum sem birtar eru í fasteignamati sem og óskiptar eignir, lögbýli, frístundahús og atvinnuhúsnæði. Sorpgjaldi er ætlað að standa undir kostnaði við sorpeyðingu og urðun sorps, ásamt kostnaði við rekstur grenndarstöðva. Sorpeyðingargjald greiðist til sveitarsjóðs Strandabyggðar og skulu gjalddagar vera hinir sömu og gjalddagar fasteignagjalda.

2. gr

Allir fasteignaeigendur í sveitarfélaginu Langesbyggð taka þátt í föstum kostnaði við meðhöndlun úrgangs. Fyrirtæki, stofnanir og aðrir rekstraraðilar í Langesbyggð greiða sömuleiðis árlegt fastagjald sem ætlað er til að taka þátt í rekstri grenndarstöðva en greiða fyrir losun og eyðingu á öllum úrgangi samkvæmt gjaldskrá og/eða samningi við þjónustuaðila. Með greiðslu fastagjalds er rekstur grenndarstöðva Langesbyggðar talinn tryggur. Þar er tekið við úrgangi sem skilgreindur er gjaldfrjáls sem og úrgangi sem ber úrvinnslugjald t.d. textíl, málmumbúðum og glerumbúðum. Sveitarfélaginu er heimilt að innheimta ákveðið gjald á hverja fasteignareiningu sem nemur allt að 25% af heildarkostnaði sveitarfélagsins af viðkomandi þjónustu, sbr. 3. mgr. 23. gr. laga nr. 55/2003.

Sorphirðu- og úrvinnslugjald, þ.e. árlegt fastagjald í Langesbyggð, er sem

hér segir:

1. Íbúðir í þéttbýli, 40.000 kr.

2. Frístundahús, 20.000 kr.
3. Veiðihús, 40.000 kr.
4. Lögbýli, 30.000 kr.
5. Fyrirtæki og rekstraraðilar, 40.000 kr.

3. gr

Innheimt er tunnugjald vegna losunar úrgangs við heimili. Úrgangur sem safnað er við heimili er plast, pappír/pappi, óflokkanlegur heimilisúrgangur og lífúrgangur. Æskilegt er að sorptunnur séu staðsettar við framanvert hús og mikilvægt að gæta þess að aðgengi við losun sé ætíð sem best. Mikilvægt er að moka snjó frá sorptunnum að vetri. Tunnufestingar skulu vera þannig að auðvelt sé að losa þær og festa aftur. Ef tunnur eru lengra en 10 metra frá hirðubíl er innheimt herra gjald fyrir losun. Tunnur skulu ekki fylltar meira en svo að þeim sé hægt að loka. Yfirfullar tunnur verða ekki losaðar og er fólki bent á móttökustöð.

Lífúrgangi verður safnað í fötur og safnað vikulega í þéttbýli eftir hverfaskiptingu. Gæta skal þess að fötur séu staðsettar við lóðarmörk á auglýstum söfnunardegi í sorpdagatali. Einnig er hægt að skipta lífúrgangsfötum á opnunartíma móttökustöðvar. Um tilraunaverkefni er að ræða og útfærsla gæti breyst með stuttum fyrirvara.

Umsýslugjald vegna breyttrar þjónustu er 3.000 kr. í hvert sinn sem óskað er breytinga. Á það við um breytingu á íláti/tunnum, viðbótarílát eða breytingu á skráningu, svo sem samnýtingu á tunnum/ílátum. Ósk um breytingar skulu tilkynntar á móttökustöð eða á skrifstofu Langanesbyggðar.

Nánari leiðbeiningar varðandi flokkun eru birtar á heimasíðu Langanesbyggðar og í **0. gr. samþykktar um meðhöndlun úrgangs í Langanesbyggð, nr. 000/2026.**

Sorphirðudagatal er birt á heimasíðu Strandabyggðar. Fyrir aukahirðingu samkvæmt skráningu þjónustuaðila eru innheimtar 15.000 kr. auk akstursgjalds í dreifbýli samkvæmt gjaldskrá þjónustuaðila.

Tunnugjöld eru innheimt með fasteignagjöldum og er um árlegt gjald að ræða samkvæmt neðangreindri töflu:

Sorpílát	Stærð	Losun	Ílát minna en 10 m frá hirðubíl, kr.	Ílát meira en 10 m frá hirðubíl, kr.
Blandaður úrgangur	240 l	6 vikna fresti	35.000	50.000
Blandaður úrgangur	660 l	6 vikna fresti	125.000	140.000
Pappír og pappi	240 l	3 vikna fresti	10.000	15.000
Pappír og pappi	660 l	3 vikna fresti	35.000	50.000
Plastumbúðir	240 l	6 vikna fresti	10.000	15.000
Plastumbúðir	660 l	6 vikna fresti	35.000	50.000
Lífúrgangur	5,7 l	vikulega eftir hverfum	15.000	
Lífúrgangur	32,6 l	vikulega eftir hverfum	35.000	

Hægt er að sækja um niðurfellingu á gjaldi vegna lífúrgangs á skrifstofu Langesbyggðar eða móttökustöð ef notast er við aðrar viðurkenndar leiðir til förgunar lífúrgangs, og sannarlega sýnt fram á slíkt. Í þeim tilfellum verður lífúrgangur ekki sóttur á viðkomandi heimili.

4. gr

Fyrirtæki, stofnanir og rekstraraðilar geta samið við þar til bærar aðila um að annast sorphirðu á þeirra vegum sem hefur tilskilin leyfi og réttindi til flutnings á úrgangi til förgunarstaðar. Þjónustuaðili Langesbyggðar, sem er Umhverfis-orku- og loftslagssvið Langesbyggðar, getur tekið að sér að annast sorphirðu fyrir fyrirtæki og stofnanir gegn greiðslu samkvæmt gjaldskrá. Greitt er fyrir gjaldskyldan úrgang á móttökustöð. Nánari skýringar eru í **0. gr. samþykktar nr. 000/2026** um meðhöndlun úrgangs í Langesbyggð.

- a. Móttökustöðin er vöktuð með myndavélum. Ef viðkomandi losar úrgang án greiðslu verður innheimt með reikningi á eiganda bifreiðar, með álagi.
- b. Óheimilt er að fleygja sorpi og úrgangi á víðavangi og er sveitarfélaginu heimilt að beita viðeigandi viðurlögum.

5. gr

Gjaldtaka á móttökustöð miðast við þyngd og tegund úrgangsmagns sem skilað er. Innheimt er skv. gjaldskrá þjónustuaðila.

6. gr

Sorpeyðingargjald vegna dýraleifa er lagt á alla aðila með dýrahald. Gjaldstofn er reiknaður út frá bústofnsskýrslum Matvælastofnunar.

- a. Nautgripir, 1.400 kr./grip.
- b. Sauðfé, 170 kr./grip.
- c. Hross, 300 kr./grip.

Gjaldið er innheimt með fasteignagjöldum 1. október ár hvert. Dýraleifar eru sóttar á auglýstum dögum samkvæmt heimasíðu Langesbyggðar haust og vor. Bændur tilkynna um dýraleifar til móttökustöðvar sem heldur utan um skráningu og sækir á auglýstum dögum.

7. gr

Gjaldskrá þessi, sem var samþykkt af sveitarstjórn Langesbyggðar 00. mánuður 2026, staðfestist hér með 00. gr. samþykktar nr. 000/2026 um meðhöndlun úrgangs í Langesbyggð og samkvæmt lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og ákvæði 59. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

Gjaldskráin öðlast þegar gildi, um leið fellur úr gildi gjaldskrá um sorphirðu í Langesbyggð.

Viðauki 6

Gjaldskrá móttökustöðvar Langanesbyggðar

Gerð	Nánar	Allt að 2m3	Umfram 2m3
Pappi og pappír		Hver 0,25 m3	Hver 0,25 m3
	Bylgjupappi	Gjaldfrjálst	2.900 kr
	Pappír	Gjaldfrjálst	2.900 kr
	Bækur og tímarit	Gjaldfrjálst	2.900 kr
	Sléttur pappi	Gjaldfrjálst	2.900 kr
Gler og postulín			
	Gler og postulín frá heimilsrekstri	Gjaldfrjálst	2.900 kr
	Postulín (steinefni frá framkvæmdum)	2.900 kr	2.900 kr
	Rúðugler og annað óskilgreint gler	2.900 kr	2.900 kr
Byggingarúrgangur			
	Möl og sandur (steinefni frá framkvæmdum)	900 kr	1.800 kr
	Gífs og gífsplötur	2.900 kr	5.800 kr
	Ómálað timbur frá framkvæmdum	2.900 kr	5.800 kr
	Húsgögn úr ómáluðu timbri	Gjaldfrjálst	5.800 kr
	Málað timbur frá framkvæmdum	2.900 kr	5.800 kr
	Steypubrot (steinefni frá framkvæmdum)	2.900 kr	5.800 kr
	Fílsar (steinefni frá framkvæmdum)	2.900 kr	5.800 kr
	Umbúðir úr timbri	Gjaldfrjálst	5.800 kr
Rafmagns- og rafeindatæki			
	Skjáiir	Gjaldfrjálst	2.900 kr
	Stór raftæki	Gjaldfrjálst	2.900 kr
	Smá raftæki	Gjaldfrjálst	2.900 kr
	Kælitæki	Gjaldfrjálst	2.900 kr
	Tölur, prentarar og símar	Gjaldfrjálst	2.900 kr
Spilliefni og áhættuúrgangur			
	Rafhlióður	Gjaldfrjálst	2.900 kr
	Ljósaperur	Gjaldfrjálst	2.900 kr
	Rafgeymar	Gjaldfrjálst	2.900 kr
	Spilliefni	Gjaldfrjálst	2.900 kr
Plast- og gúmmiefni			
	Heyrúlluplast	Gjaldfrjálst	Gjaldfrjálst
	Frauð- og harðplast (plastumbúðir og annað plast)	Gjaldfrjálst	5.800 kr
	Hjólbarðar	Gjaldfrjálst	5.800 kr
	Lituð plastfilma (plastumbúðir og annað plast)	Gjaldfrjálst	5.800 kr
	Plastumbúðir	Gjaldfrjálst	5.800 kr
Málmar			

Blandaður úrgangur (Flokkður af móttökustöð)	Málmumbúðir	Gjaldfrjálst	2.900 kr
	Óskilgreindir málmar	Gjaldfrjálst	2.900 kr
	Bólstruð húsgögn, dýnur og linblandað efni	Gjaldfrjálst	4.200 kr
	Pressanlegur úrgangur frá framkvæmdum	4.200 kr	8.400 kr
	Grófur úrgangur frá framkvæmdum	4.200 kr	8.400 kr
Garðaúrgangur	Pressanlegur úrgangur frá daglegum heimilsrekstri	2.900 kr	5.800 kr
	Gras og sína	Gjaldfrjálst	Gjaldfrjálst
	Trjágreinar og annar garðaúrgangur	Gjaldfrjálst	Gjaldfrjálst
	Hey frá dýrahaldi	2.900 kr	4.800 kr
	Jarðvegur frá uppgreftri	2.900 kr	4.800 kr
Nytjahlutir	Nýtilegur textill	Gjaldfrjálst	Gjaldfrjálst
	Ónothæfur textill	2.900 kr	4.800 kr
	Skór og fylgihlutir	Gjaldfrjálst	4.800 kr
	Reiðhjól og sambærilegur búnaður	Gjaldfrjálst	4.800 kr
	Kertavax	Gjaldfrjálst	4.800 kr
Almennur heimilsúrgangur		Kr./kg m/vsk	
Grófur úrgangur	Ópressanlegur úrgangur	60 kr	
Ýmis lífrænn úrgangur		Kr./kg m/vsk	
	Lífrænn úrgangur frá matvælaframleiðsu Lífrænn sérsafnaður heimilsúrgangur	75 kr	
	Lífrænn fljótandi úrgangur	100	kr
	Matvæli í umbúðum (án ytri umbúða)	400	kr
	Matvæli í umbúðum	300	kr
	Fóður, mjöl og annað laust sambærilegt	70 kr	
	Deig og bakstursúrgangur	70 kr	
Sérstakur úrgangur	Málningarúrgangur	Kr./kg m/vsk 45 kr	
	Asbest	150	kr
	Net, troll og kaðlar	45 kr	
	Gúmmí úrgangur og sambærilegt	125	kr
	Fiskikör	125	kr
	Yleiningar og sambærilegt	230	kr
	Óflokkaður úrgangur	45 kr	
Pappi og pappír	Bylgjupappi	Kr./kg m/vsk Gjaldfrjálst	
	Umbúðir úr sléttum pappa	Gjaldfrjálst	

	Bækur	45 kr	
Óflokkaður úrgangur		Kr./kg m/vsk	
	Óflokkaður úrgangur af byggingarsvæðum	45 kr	
	Óflokkaður úrgangur frá lögaðilum	45 kr	
	Fatnaður	160	kr
Gler og steinefni		Kr./kg m/vsk	
	Steinefni frá framkvæmdum í urðun	25 kr	
	Gler og rúður til urðunar	45 kr	
	Steinefni frá söfnun sveitarfélaga í urðun	25 kr	
	Gifs og skild efni til urðunar	45 kr	
	Aska og uppsóp til urðunar Tímbur	25 kr	
	Málað timbur eða plasthúðað	40 kr	
	Ómálað timbur	20 kr	
	Vörubretti, kassar og sambærilegt	15 kr	
	Kapkerfli og stærri timburumbúðir	60 kr	

